

Bliki

4

DESEMBER 1985

TIMARIT UM FUGLA



BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar verða greinar eða skýrslur um íslenska fugla, svo og smærri pistlar um ýmislegt er þeim viðkemur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli. Þeir sem þess óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fengið ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Kjartan Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Laugavegi 105, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-29822.

Greinar, sem óskast birtar, sendist formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust, ef þeir óska.

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there are no annual subscriptions. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Kjartan Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavik, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.
Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.
Umbrot: BLIKI / Prentþjónustan hf.
Filmugerð: Prentþjónustan hf.
Prentun: Guðjón Ó hf.
Bókband: Bókfell hf.
Letur: 16, 12, 10, 9 og 8 pt Times.
Pappír: 115/250 g Iconofix Matt.

Forsíðumynd:
Lundi í Melrakkæy 14. júní 1966
Ljós. Grétar Eiríksson

© 1985 BLIKI
ISSN 0256-4181

Frá ritnefnd

Loksins sér fjórða hefti BLIKA dagsins ljós. Enn sem fyrr hefur útgáfan dregist svo illyrmislega á langinn, að lengra er frá þriðja hefti en áður hefur verið á milli hefta. Aðstandendur hefðu óskað, að BLIKI 4 kæmi fyrr út, enda hafa margir spurst fyrir um, hvenær heftið væri væntanlegt.

Þetta stafar fyrst og fremst af því, hve fáir leggja ritinu til efni. Þeir sem mest hafa skrifað í ritið eru einnig í ritnefnd, og mæðir því meira á þeim fáu einstaklingum en góðu hófi gegnir. Strax í upphafi var gert ráð fyrir, að þessi staða kynni að koma upp. Var því ákveðið að tölusetja ritin í hlaupandi númeraröð í stað þess að skipta ritinu í árganga með fyrirfram ákveðnum útgáfutímum.

Með þessu fjórða hefti BLIKA er bryddað á einni nýjung. Eins og lesendur hafa efalaust veitt athygli er forsíðan í lit. Einnig eru nokkrar litmyndir inni í

ritinu. Við vonumst, að lesendur kunni að meta þessa nýbreytni. Að sjálfsögðu er útgáfa litmynda mun dýrari en svart-hvítra mynda. Því hefur orðið að hækka verð ritsins heldur meira nú en ella.

Forsíðan er að þessu sinni eftir Grétar Eiríksson, tæknifræðing hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Svo sem fuglaáhugamönnum er kunnugt, hefur Grétar stundað fuglaljósmyndun um árabil og getið sér gott orð á því sviði. Hafa myndir hans margoft prýtt síður bóka og tímarita, auk þess sem þær hafa birst á veggspjöldum og póstkortum. Nú fyrir skemmstu kom út bókin FUGLARNIR OKKAR, sem hefur að geyma myndir Grétars af u.þ.b. helmingi allra varp-fuglategunda sem finnast hér á landi. Grétari eru færðar þakkir fyrir forsíðumyndina, sem hann veitti BLIKA endurgjaldslaust.

Hnúðsvanir á Íslandi 1958-1977

Inngangur

Alls staðar þar sem maðurinn hefur sest að, hefur hann flutt með sér dýr og jurtir og stuðlað þannig að aukinni útbreiðslu vissra tegunda. Það má skipta þessum flutningum í tvennt. Annars vegar eru þær lífverur sem maðurinn hefur tekið með sér gagngert til að hafa af þeim beinar eða óbeinar nytjar. Hins vegar dýr og jurtir sem hafa lagað líf sitt að háttum manna, lifa í eða við manna-bústaði og hann flytur með sér óviljandi á milli staða. Oft hafa þessar aðfluttu lífverur náð að mynda stóra stofna í sínum nýju heimkynnum, og stundum stuðlað að fækkun eða útrýmingu innlendra tegunda (Laycock 1970).

Íslendingar hafa ekki verið eftirbátar annarra þjóða á þessu sviði, og hafa ýmsar fugla- og spendýrategundir verið fluttar til landsins. Sex tegundir spendýra og ein fuglategund hafa náð fótfestu sem villt dýr á Íslandi. Þrjár þessara tegunda voru fluttar inn til nytja, þ.e. hreindýr *Rangifer tarandus* (Skarp-héðinn Þórisson 1980), minkur *Mustela vison* (Karl Skírnisson og Ævar Petersen 1980) og húsdúfa *Columba livia*. Fjórar tegundir hafa slæðst til landsins óviljandi, þ.e. brúnrottan *Rattus norvegicus*, svartrottan *Rattus rattus*, húsamús *Mus musculus* og hagamús *Apodemus sylvaticus* (Árni Einarsson 1980).

Hnúðsvanir *Cygnus olor* voru fluttir til Íslands árið 1958 og lifðu hér villtir í um 20 ár. Í þessari ritgerð er ætlunin að gera stutta grein fyrir lífsháttum og útbreiðslu hnúðsvana og segja síðan sögu þeirra hér á landi. Þessi samantekt er byggð á fréttum úr dagblöðum og athugunum fuglaskoðara, sem eru, auk höfundar, Erling Ólafsson, Jóhann Óli

Hilmarrsson og Ævar Petersen. Upplýsingar um lifnaðarhætti og útbreiðslu eru fengnar frá Cramp og Simmons (1977).

Lífshættir og útbreiðsla

Hnúðsvanurinn er með stærstu fuglum sem til eru; karlfuglar vega 8-14 kg en kvenfuglar 5-10 kg. Fullorðnir fuglar eru hvítir að lit, með svartan hnúð ofan við rauðleitt nef (1. mynd). Líkamsburðir þeirra eru nokkuð frábrugðnir því sem er hjá álfutum *Cygnus cygnus*. Til dæmis halda þeir hálsinum í mjúkum s-boga og vísar nefið niður á við. Álfdir eru með beinan háls og veit nefið fram. Ungir hnúðsvanir eru gráleitir.

Útbreiðsla hnúðsvana er bundin við votlendi. Aðalkjörlendi þeirra eru grunn gróðursæl vötn, en þeir verpa einnig við lygnar ár, skurði, sjávarlón og skjólsælar sjávarstrendur. Þeir gera sér hreiðurdýngju á vatnsbökkum, í reyrbreiðum og hólum. Egginn er oftast 5-6 og álegutíminn er um 36 dagar. Karlfuglinn er mjög heimaríkur um varptímann og rekur alla ókunna svani af sínu yfirráðasvæði. Yfirleitt er langt á milli varppara en sums staðar verpa þeir í byggðum, og þá verja fuglarnir aðeins næsta nágrenni hreiðursins. Á meðan ungarnir eru litlir, má oft sjá þá sitja á baki foreldra sinna. Þeir verða kynþroska 3-4 ára gamlir. Fæða hnúðsvana er úr jurtaríkinu, einkum þörungar og háplöntur sem vaxa í vatni.

Náttúruleg varpheimkynni hnúðsvana eru í Evrópu og Asíu. Suðurmörkin eru um 40°N en norðurmörkin um 60°; nyrstu varpstaðir þeirra eru í Svíþjóð á 63°N. Í Evrópu hafa menn engi ræktað hnúðsvani til matar og yndisauka. Villtir eða hálfvilltir fuglar á þess-

um slóðum eru flestir afkomendur tam-inna svana sem sloppið hafa úr haldi. Hnúðsvanir hafa verið fluttir til Sviss, Finnlands, Færeyja og margra annarra landa Evrópu. Evrópubúar hafa einnig tekið hnúðsvani með sér á búferlaflutningum sínum til annarra heimsálfa, t.d. Norður-Ameríku, Suður-Afríku, Ástralíu og Nýja-Sjálands. Hnúðsvönum hefur fjölgað mjög í Evrópu á þessari öld, t.d. voru aðeins 3-4 varppör í Danmörku árið 1925 en um 2700 pör árið 1966. Heildarstofnstærð í Evrópu er talin vera 130,000-140,000 fuglar. Stærstu varpstofnarnir eru á Bretlandseyjum, í Danmörku, Svíþjóð, Austur-og Vestur-Pýskalandi, Póllandi og Sovétríkjunum. Norður- og austur-evrópskir fuglar eru farfuglar sem hverfa til strandhéraða við sunnanvert Eystrasalt og dönsku sundanna á veturna. Í köldum árum dreifast þeir víðar. Geldfuglar koma á þessar

slóðir í júlí til að fella flugfjaðrir. Til dæmis eru mikilvægar fellistöðvar á Eyrarsundi. Varpfuglar og ungar koma seinna. Annars staðar í Evrópu eru hnúðsvanir að mestu staðfuglar.

Saga hnúðsvana á Íslandi

Forsögu þess, að hnúðsvanir voru fluttir til Íslands, má að nokkru leyti rekja til ársins 1953, en þá gaf Akureyrarbær Reykjavík álfтарhјón (Alþbl. 7.8.1957). Álfтарnar voru settar á Tјörnina og urpu þar árin 1954, 1955 og 1956. Fyrsta árið var hreiðrið í störrinni í Suður-Tјörn en eggин urðu fúl (Mbl. 6.5.1955). Hin árin var hreiðrið í Þorfinnshólma og komust þá 6 ungar á legg fyrra árið (Mbl. 15.6.1955) en 2 hið síðara (Mbl. 4.6. 1956).

Eftir að álfтарungarnir klöktust í júní 1955, varð steggurinn mjög grimmur, réðist á fólk og drap stökkandarunga



1.mynd. Hnúðsvanur á Tјörninni, 22. maí 1974. – A Mute Swan on Lake Tјörninn, Reykjavík. Lјósm. Ólafur K. Nielsen.



2. mynd. Hnúðsvanur með unga á Tjörninni í júní 1965. Það ár komust upp sex ungar. — *A Mute Swan with young at Lake Tjörninn in Reykjavík, June 1965. This year six young were reared.* Ljósm. Grétar Eiríksson.

(Mbl. 26.6.1955, 13.7.1955). Vorið og sumarið 1956 keyrði þó um þverbak, og áttu börn og gamalmenni oft fótum sínum fjör að launa, er steggurinn lagði til atlögu. Einnig hélt hann uppteknum hætti við ungadráp (Mbl. 5.5.1956, Mánudagsbl. 11.6.1956). Þegar hér var komið sögu, þótti ekki lengur stætt á að hafa álfirnar á Tjörninni og var m.a. rætt um að aflífa þær. Málið leystist þó farsællega, því snemma vors 1957 voru álfirnar handsamaðar og gefnar, sem vinarbæjargjöf frá Reykjavíkurborg, til Hamborgar í Vestur-Þýskalandi (Mbl. 8.5.1957). Borgaryfirvöld í Hamborg gáfu á móti hnúðsvanshjó. Þau komu til landsins vorið 1958 og var sleppt á Tjörnina hinn 28. apríl, að viðstöddu fjölmenni (Vísir 28.4.1958, Alþbl. 29.4.1958). Hófst þá saga hnúðsvana á Íslandi, en þessir glæsilegu fuglar voru

áberandi þáttur í fuglalífi Reykjavíkurtjarnar næstu 20 ár.

Hnúðsvanirnir gerðu sér hreiður vorið 1959 en urpu ekki, þótt kvenfuglinn sæist liggja í hreiðrinu (Mbl. 22.5.1959). Vorið 1960 kom parið upp 6 ungum (Vísir 7.6.1960) og 3 ungum 1961 (Vísir 19.6.1961).

Fljótlega eftir að hnúðsvanirnir komu á Tjörnina, kastaðist í kekki með þeim og álfum sem héldu þar til, og oft voru þetta blóðugir bardagar. Vorið 1960 hrakti hnúðsvanssteggurinn fjórar álfir af Tjörninni (Tíminn 28.4.1960), en í september sama ár komu þangað álfarhjó með 4 unga og gjörsigruðu hnúðsvanina (Alþbl. 13.9.1960). Þessar álfir höfðu orpið við Eiðistjörn á Seltjarnarnesi um vorið, og var talið að það væru afkomendur Akureyrarálfanna (Tíminn 19.7.1960). Hnúðsvanssteggurinn veitti

héðan í frá litla mótspyrnu við ágengni álftra, jafnvel vorið 1961, er maki hans lá á eggjum (Tíminn 28.4.1961). Vorið 1962, þegar parið var að hefja undirbúning fyrir varp, lenti steggurinn í áflogum við álftrir og særðist til ólífis (Mbl. 27.4.1962).

Þegar borgarráð Hamborgar fregnaði hrakleg örlög hnúðsvanssteggsins, brá það skjótt við, og hinn 20. janúar 1963 sendu þeir nýjan stegg til Reykjavíkur (Mbl. 20.1.1963). Hann paraðist kvenfuglinum en ekkert varð úr varpi vorið 1963 þótt kvenfuglinn hafi sést liggja í hreiðrinu (Mbl. 12.5.1963). En vorið 1964 varp parið og kom upp 2 ungum (Mbl. 2.6.1964, Sigurður Samúelsson 1965). Eftir klakið, í júní 1964, voru nokkur brögð að því, að steggurinn réðist á endur og andarunga. Vegna þessa var hann skotin þá um sumarið (Vísir 6.6.1964, Tíminn 11.6.1964, Sigurður Samúelsson 1965).

Vorið 1965 urpu hnúðsvanir við Tjörnina og komu upp 6 ungum (Mbl.

20.6.1965) (2. mynd). Ljóst er, að steggurinn a.m.k. hefur verið íslenskur afkomandi fyrri steggsins sem kom til Íslands vorið 1958 og 4 eða 5 ára. Hnúðsvanspar varp aftur vorið 1966 og kom upp 7 ungum (Mbl. 10.6.1966). Sumarið 1967 komust svo 5 ungar á legg (Mbl. 21.6.1967). Síðasta varptilraunin við Tjörnina var gerð vorið 1969. Þá varp kvenfuglinn einu eggj en enginn ungi klaktist (Ársskýrsla Gatnamálastjóra 1969).

Fyrir utan varpið við Tjörnina, er skjalfest varp hnúðsvana við Silungapoll vorið 1973, en þar komust 2 ungar á legg (Ó.K.N.).

Varptími hnúðsvananna við Tjörnina var frá miðjum apríl fram í byrjun maí (Tafla 1), en það er á svipuðum tíma og í Norður-og Vestur-Evrópu.

Fljótlega eftir að hnúðsvanirnir voru settir á Tjörnina í apríl 1958, hófu þeir að flakka um. Þetta var þó sérstaklega áberandi eftir að ungarnir komu til sögunnar. Varpparið rak alla geldfugla af

Tafla 1. Varptími og varpafkoma hnúðsvana við Tjörnina í Reykjavík 1960-1967 og við Silungapoll 1973. – *The breeding chronology and breeding success of Mute Swans on Lake Tjörninn 1960-1967 and Lake Silungapollur 1973.*

Ár Year	Upphaf varps* Date of 1st egg	Eggjafjöldi Clutch size	Ungafjöldi No. of young	Heimild Reference
1960	19.4.	—	6	Vísir 7.6.1960
1961	—	4	3	Vísir 19.6.1961
1964	13.4.	7	2	Mbl. 2.6.1964, Sig. Samúelsson 1965
1965	2.5.	—	6	Vísir 22.6.1965
1966	21.4.	—	7	Mbl. 10.6.1966
1967	2.5.	—	5	Mbl. 21.6.1967
1973	—	—	2	Ó.K.N.

* Upphaf varps er miðað við fyrsta egg, reiknað út frá því hvenær svanirnir komu með ungana á vatn. Miðað er við, að 2 dagar líði á milli eggja, að álegutími sé 36 dagar og að ungar dvelji einn dag í hreiðri eftir klak (Cramp og Simmons 1977). – *The date of laying of the 1st egg, was back-calculated from the day young took to the water. The interval between eggs was taken as 2 days, the incubation period 36 days, and young spending one day in the nest after hatching (cf. Cramp & Simmons 1977).*

Tjörnninni á vorin og var þeim ekki líft þar fyrr en í september-október. Geldfuglarnir héldu til sumarlangt á vötnum og ám í nágrenni Reykjavíkur, s.s. á Elliðavatni, Myllulækjartjörn, Hólmsá, Vífilstaðavatni og Ástjörn, og á Álftanesi (Skógtjörn, Lambhúsatjörn, Breiðabólstaðartjörn og Bessastaðartjörn). Á veturna héldu hnúðsvanirnir hópinn og voru á vökinni við Iðnó eða á víkum og vogum í nágrenni Reykjavíkur, einkum Skógtjörn og Lambhúsatjörn á Álftanesi, í Hafnarfjarðarhöfn og út með Álftanesi, auk þess sem þeir sáust t.d. á Seltjarnarnesi, í Fossvogi og Straumsvík. Samkomulag álfta og hnúðsvananna var mun betra á veturna en á Tjörnninni á vorin, og voru þeir oft í álftahópum. Það er athyglisvert, að á þeim 20 árum sem hnúðsvanir voru hér á landi, þá sáust þeir aldrei fjær Tjörnninni en 13 km.

Tölur um fjölda hnúðsvana fyrstu árin eftir að þeim byrjaði að fjölga, eru mjög af skornum skammti. Í september 1962 voru 7 fuglar á lífi, fullorðinn kvenfugl, 3 ungar frá 1960 og 3 frá 1961 (Mbl. 25.9.1962). Um áramótin 1964-65 sagði Sigurður Samúelsson (1965), þáverandi Tjarnarvörður, að 4 hnúðsvanir væru lifandi. Stofninn hefur náð hámarki 1966 eða 1967, og gíska ég á, að þá hafi verið 15-20 fuglar á lífi. Veturinn 1967-68 sáust mest 13 fuglar á Álftanesi og í Hafnarfirði, og sami fjöldi sást veturinn eftir (Erling Ólafsson og Ævar Petersen). Engar upplýsingar eru til um fjölda hnúðsvana veturinn 1969-70, en 7 fuglar voru á lífi veturinn 1970-71 og 1971-72 (Jóhann Óli Hilmarsson). Haustið 1972 var aðeins einn fullorðinn fugl og eitt par eftir (Jóhann Óli Hilmarsson). Þarið varp sumarið 1973 við Silungapoll, eins og fyrr er getið. Staki fuglinn hvarf þá um sumarið. Þarið var með ungana tvo á Tjörnninni veturinn 1973-74. Síðan hurfu þessir fuglar einn af öðrum; kvenfuglinn fannst dauður á Silungapoll 23. apríl 1974, annar unganna hvarf sumarið 1975

og steggurinn sumarið 1976, en hinn unginn sást síðast á Tjörnninni 14. apríl 1977.

Ekki skal fjölyrt um orsakir þess, að hnúðsvanirnir dóu út. Þó má benda á, að Ísland er norðan við náttúruleg varpheimkynni tegundarinnar og gætu köldu árin milli 1965 og 1970 hafa haft sitt að segja.

ÞAKKARORÐ

Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Jóhann Óli Hilmarsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Unnur Egilsdóttir og Ævar Petersen lásu ritgröðina yfir í handriti. Grétar Eiríksson lánaði mynd af hnúðsvani.

HEIMILDIR

- Alþýðublaðið (Alþbl.) 7.8.1957, 29.4.1958, 13.9.1960.
 Árni Einarsson 1980. Mýs og rottur. Bls. 112-119 í *Villt Spendýr. Rit Landverndar* 7. Reykjavík.
 Ársskýrsla Gatnamálastjóra 1969. Reykjavíkurborg. Fjölrit.
 Cramp, S. og K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. *The Birds of the Western Palearctic*. 1. bindi. Oxford.
 Karl Skírnisson og Ævar Petersen 1980. Minkur. Bls. 80-94 í *Villt Spendýr. Rit Landverndar* 7. Reykjavík.
 Laycock, G. 1970. *The alien animals. The story of imported wildlife*. New York.
 Mánudagsblaðið (Mánudagsbl.) 11.6.1956.
 Morgunblaðið (Mbl.) 6.5., 15.6., 26.6., 13.7. 1955, 5.5., 4.6. 1956, 8.5. 1957, 22.5. 1959, 27.4., 25.9. 1962, 20.1., 12.5. 1963, 2.6. 1964, 20.6. 1965, 10.6. 1966, 21.6. 1967.
 Sigurður Samúelsson [1965]. Óbirt skýrsla um fuglalífið á Tjörnninni 1964. 5 bls. Varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands.
 Skarphéðinn Þórisson 1980. Hreindýr. Bls. 95-111 í *Villt Spendýr. Rit Landverndar* 7. Reykjavík.
 Tíminn 28.4., 19.7.1960, 28.4.1961, 11.6.1964.
 Vísir 28.4.1958, 7.6.1960, 19.6.1961, 6.6.1964.

SUMMARY

The Mute Swan in Iceland 1958-77, its introduction and history

A pair of Mute Swans *Cygnus olor* of German origin, was introduced to Iceland and released on Lake Tjörnin in Reykjavík, SW-Iceland in April 1958. This pair bred and fledged young on Tjörnin in 1960 and 1961, but the male was killed in a fight with Whooper Swans *Cygnus cygnus* in the spring

of 1962. A third bird, also of German origin, was released on Tjörnin in 1963, successfully pairing with the surviving female and breeding in 1964. In June 1964 this male was shot, as it harassed ducks on the lake.

In 1965 through 1967 a pair of Mute Swans successfully bred on Tjörnin, the male being the descendent of the original pair. The last breeding attempt on Tjörnin was in 1969, but this was unsuccessful. The breeding chronology and breeding success of the pairs on Tjörnin, are shown in Table I. The only documented breeding outside Tjörnin, was that of a pair nesting successfully at Lake Sílfungapollur, NE of Reykjavík, in 1973.

In the fall of 1962 seven Mute Swans were alive. Few reliable figures are available for the years 1963-1967. At the end of 1964 and the turn of 1965 there were 4 birds surviving but it is believed that the population reached its maximum numbers in 1966 or 1967, probably between 15 and 20 birds. During the winters of 1967-68 and 1968-69 up to 13 birds were recorded in one flock. Seven birds were seen during the winter of 1970-71 and again the following winter, but only three in the winter of 1972-73. In the fall of 1973 the population was down to one pair and two imma-

ture birds. The adult female was found dead in the spring of 1974, one of the immatures disappearing during summer 1975, the male during summer 1976, and the sole survivor was last seen on April 14, 1977 on Tjörnin.

Soon after their release in 1958, the Mute Swan pair and its descendents, developed a rather fixed pattern of movements throughout the year. The non-breeders stayed on lakes, rivers, and in coastal areas east and south of Reykjavík during the summer. In September-October the whole population formed one flock, staying during the winter in sheltered bays and coves on the Álfanes peninsula or in the harbour of Hafnarfjörður, south of Reykjavík. Frequent visits were also made to Tjörnin, where a small stretch of water was kept ice-free all winter.

It is not known for certain, why the population declined after 1966, leading to total extinction in 1977. Iceland is well north of the species' normal breeding range. Iceland experienced abnormally cold winters from 1965 to about 1970, and this may have had negative effects on the population.

Ólafur Karl Nielsen, Hjallabrekku 20, 200 Kópavogur.

Jóhann Óli Hilmarsson


Þaraberna við Reykjavíkurtjörn

Árið 1980 sást þaraberna *Sterna sandvicensis* við Reykjavíkurtjörn. Þessi tegund hefur ekki sést áður hérlandis (sbr. Gunnlaug Pétursson og Kristín H. Skarphéðinsson 1983). Því þykir viðeigandi að gera sem gleggsta grein fyrir atvikum.

Atvik

Hinn 22. apríl 1980 var ég við fuglaatuganir við Reykjavíkurtjörn. Vindur var af norðvestri og skýjað en birta góð. Klukkan 0940 var ég að skoða hettumáfa *Larus ridibundus* í Stóra-Hólma

Norður-Tjarnarinnar. Í honum voru 180 hettumáfar og meðal þeirra kom ég auga á torkennilega þernu sem sat og snyrti sig. Skoðaði ég hana í um 5 mínútur á 50-60 metra færi með 30x fjarsjá. Kom þá styggð að hópnum, og hóf þernan sig til flugs ásamt hettumáfunum. Fylgdi ég henni eftir í 8x sjónauka í u.þ.b. mínútu þar sem hún hækkaði flugið í suðurátt (færi 90-280 m). Síðan yfirgaf ég svæðið, en snéri aftur stundarfjórðungi síðar ásamt hópi fuglaskoðara. Þernan sást þá hvergi og fannst ekki aftur þrátt fyrir talsverða leit.



1. mynd. Paraþerna ásamt hettumáfum. – *Sandwich Tern* *Sterna sandvicensis* and *Black-headed Gulls* *Larus ridibundus*. Teikning Jón Baldur Hlíðberg.

Lýsing

Það sem fyrst vakti athygli mína var stærð fuglsins og höfuðbúnaður. Við nánari athugun komu eftirfarandi einkenni í ljós (byggt á lýsingu er skráð var meðan á athugun stóð):

Sitjandi virtist fuglinn lítið eitt lengri en hettumáfur en búkgrennri (dæmigerð þernulögun) og skar sig því vel úr hettumáfahópnum. Vængir náðu aftur fyrir stélið þegar fuglinn sat. Þegar hann hóf sig til flugs virtist hann allur minni fyrir fugl að sjá en hettumáfur. Fluglag minnti á kríu. Þá kom í ljós að hann var með klofið stél, ekki ólíkt og á kríu en útfjaðrir stélsins styttri. Bak- og búklitir sást vel.

Svört kollhetta náði niður fyrir augu og lengra niður á hnakkann en fram á ennið. Aftur úr hnakkanum gekk fjaðratoppur, eins konar framhald af hettunni og samlitur henni. Að öðru leyti var fjaðrabúningur fuglsins alhvítur að undanskildu baki og yfirvængjum, sem virtust jafngrá, álíka að lit og bak hettumáfa. Undirvængir sáust ekki.

Nefið var langt, álíka langt og höfuðið, svart með gulan brodd. Lithimna augans dókk. Ekki voru fætur athugaðir sérstaklega.

Af ofangreindri lýsingu má ráða, að hér hefur verið á ferð fullorðin paraþerna í sumarbúningi. Neflitur, höfuð og klofið stél útiloka aðrar stórar þernur, eins og sandþernu *Gelochelidon nilotica*, ránþernu *Sterna caspia*, rosapernu *S. maxima*, bengalþernu *S. bengalensis* og boðapernu *S. bergii* (Witherby o.fl. 1941, Tuck & Heinzel 1978).

Útbreiðsla og lífshættir

Paraþernan hefur slitrótta varpútbreiðslu beggja vegna Atlantshafsins. Deilitegundin *S.s. sandvicensis*, en stofnstærð hennar eru álitin vera um 40.000 pör, verpur m.a. við Kaspíahaf, Svartahaf, í Túnis og við strendur Evrópu, þ.á m. á Ítalíu, Spáni og víðar við Miðjarðarhaf. Í Norður-Evrópu var

fjöldi varppara árið 1978: á Bretagne-skaga um 5400 pör, Bretlandseyjum 14000 pör, í Hollandi 6100, V-Pýskalandi 7084, A-Pýskalandi 1001, Danmörku 4313 pör (1976), Noregi innan við 10, Svíþjóð um 1100, Sovétríkjunum um 300 og Póllandi 62 pör (Glutz von Blotzheim & Bauer 1982).

Vestanhafs verpur deilitegundin *S.s. acuflaviada* frá SA-Virginíu og N-Karólínu í norðri slitrótt suður og vestur til Texas. Auk þess frá Yucatanskaga í Mexíkó suður til Belize, svo og á Bahamaeyjum, Kúbu og Puerto-Rico og mögulega hér og hvar á austurströnd Suður-Ameríku.

Vetrarstöðvar tegundarinnar austanhafs eru við strendur Afríku, Litlu-Asíu og Arabíuskagans, en vestanhafs dvelja þarþernur við Atlantshafsströnd Ameríku frá Karabíahafi suður til Uruguay, N-Argentínu og við Kyrrahafsströndina frá S-Kaliforníu suður til Ecuador og Perú.

Þarþernan fer að sjást á vorin á Bretlandseyjum síðustu dagana í mars, en aðalkomutíminn er upp úr miðjum apríl. Hún er víðast hvar sest upp í vörpunum um mánaðamótin apríl/mái, og hefst varp fljótlega úr því.

Hún verpur í byggðum í sandi og mól við sjó, stöku sinnum í graslendi þar sem fjörur eru klettóttar og einnig hendir það að hún verpi við ferskvatn. Víða deila þarþernur kjörlendi sínu með öðrum þernutegundum og jafnvel með hettumáfum. Hreiðurgerðin er lítilfjörleg og egginn oftast tvö.

Þarþernan er meiri sjófugl en flestar evrópskar þernur og sækir hún fæðu sína einvörðungu til sjávar. Hún lifir mest á fiski og öðru sjófangi. Við Bretlands-eyjar, í Norðursjó og Eystrasalti er aðalfæðan sandsíli og skyldar tegundir (ættin Ammodytidae), en einnig smásíld *Clupea harengus* og brislingur *Sprattus sprattus*. Þessar fisktegundir eru 95-99% fæðunnar á nefndum slóðum.

Almennar upplýsingar um út-

breiðslu, far, varphætti og fæðu tegundarinnar eru úr þeim ritum sem getið er í heimildaskrá.

ÞAKKARORÐ

Þeir Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ævar Petersen lásu greinina yfir í handriti, og færi ég þeim bestu þakkið fyrir, svo og teiknaranum Jóni Baldri Hlíðberg.

HEIMILDIR

- Gunnlaugur Pétursson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1982. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit.
- Glutz von Blotzheim, U.N. & K.M. Bauer 1982. Handbuch der Vögel Mitteleuropas. Band 8/II, Charadriiformes (3. Teil). Wiesbaden.
- Peterson, R.T., G. Mountfort & P.A.D. Iiollom 1964. Fuglar Íslands og Evrópu. Finnur Guðmundsson þýddi og staðfærði. 2. útgáfa. Reykjavík.
- Sharrock, J.T.R. 1977. The Atlas of Breeding Birds in Britain and Ireland. Berkhamsted.
- Tuck, G.S. & H. Heinzel 1978. A Field Guide to the Seabirds of Britain and the World. London.
- Voous, K.H. 1960. Atlas of European Birds. London.
- Witherby, H.F., F.C.R. Jourdain, N.F. Ticehurst & B.W. Tucker (ritstj.) 1941. The Handbook of British Birds. 5. bindi. London.

SUMMARY

The Sandwich Tern *Sterna sandvicensis* recorded for the first time in Iceland

An adult Sandwich Tern in full breeding plumage was seen by the author on 22 April 1980 at Lake Tjörnin in Reykjavík, SW-Iceland. It was seen in a group of 180 Black-headed Gulls *Larus ridibundus*, on the main islet of Tjörnin, a lake of natural origin in the centre of Reykjavík.

A detailed description of the record is given, together with general notes on the species distribution, migration, habitat, and food. The record has been approved by the Icelandic Rarities Committee (cf. Gunnlaugur Pétursson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1982).

Jóhann Óli Hilmarsson, Melgerði 22, 108 Reykjavík.

Stærðarmælingar á nokkrum íslenskum spörfuglum

Við dvöldum á Íslandi í maí og fyrir hluta júní 1983 til þess að athuga íslenska auðnutittlinga *Acanthis flammea*. Þeir teljast til sérstakrar deilitegundar *A.f. islandica* sem verpur einungis á Íslandi. Þetta verkefni var liður í víðtækari rannsókn sem annar okkar (AGK) fæst við, en það er nafnafræði („taxonomy“) auðnutittlinga *A. flammea* og hrímtittlinga *A. hornemanni*.

Auðnutittlingum var náð í þar til gerð net, en óhjákvæmilega veiddust einnig í þau aðrar tegundir spörfugla, skógarþrestir *Turdus iliacus* (23), þúfuttittlingar *Anthus pratensis* (7) og einn steindepill *Oenanthe oenanthe*. Þar sem lítið hefur verið ritað um stærð íslenskra fugla af þessum tegundum, er mælingum okkar á þessum fuglum hér með komið á framfæri (sjá Töflu 1).

Lengd vængja var mæld með því að leggja þá þétt niður að mælistiku og teygja handflugfjaðrirnar eftir henni. Skógarþrestir voru aldursgreindir á lit og lögun yfirvængþaka og axlafjaðra. Skógarþrestir og þúfuttittlingar voru kyngreindir (þegar það var hægt) á lögun endaparmsops og hvort varþblettir væru til staðar (en ekki ef þá vantaði) (sjá Svensson 1984).

Mælingar okkar á lifandi fuglum voru bornar saman við mælingar sem er að finna í rituðum heimildum, þótt þær séu aðallega byggðar á fuglshómum. Vitað er, að vængir fugla skreppa saman þegar þeir þorna. Á litlum spörfuglum er þó um óverulega rýrnun að ræða (Knox 1980, Haftorn 1982), og hefur hún því ekki áhrif á niðurstöður okkar.

Niðurstöðum mælinga okkar á skógarþröstum ber ágætlega saman við þær tölur sem Witherby o.fl. (1943),

Timmermann (1949) og Vauric (1959) gefa upp fyrir fugla af íslensku deilitegundinni, sem kölluð er *Turdus iliacus coburni*. Einn kvenfuglanna sem við mældum hafði þó vænglengdina 115 mm, en samkvæmt heimildum er það styttra en á að vera á íslenskum fuglum. Að meðaltali voru norðlenskir skógarþrestir vænglengri (125,6 mm) en fuglar í Reykjavík (124,0 mm). Munurinn var þó ekki tölfræðilega marktækur, enda voru mældir næsta fáir fuglar. Svipaður munur kom fram á vænglengd kynjanna; kvenfuglar voru að meðaltali vængstyttri (123,6 mm) en karlfuglar (125,1 mm). Engu að síður voru kvenfuglar heldur þyngri (82,4 g) en karlfuglarnir (75,1 g). Baillie (1978) sýndi fram á, að kvenfuglar svartþrasta *Turdus merula* voru þyngri en karlfuglar á tímabilinu apríl til júní en karlfuglar aftur á móti þyngri á haustin og veturna. Þetta hefur verið sett í samband við að kvenfuglar þyngist vegna eggjaframleiðslunnar á vorin. Þó má líka gera ráð fyrir því, að karlfuglar léttist á varptímanum vegna orkutaps við að halda umráðasvæði (óðali) sínu.

Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um stærð íslenskra þúfuttittlinga, en þeim hefur þó verið skipað til deilitegundarinnar *Anthus pratensis theresae* (Meinertzhagen 1953, Williamson 1959). Ágreiningur hefur verið um, hvort sú deilitegund sé skilgreind á nægilega sterkum rökum, þannig að réttlætanlegt sé að tala um hana sem sér deilitegund.

Þúfuttittlingur er annars útbreiddur varpfugl í Norður-og Mið-Evrópu. Samkvæmt Hall (1961) er vænglengd þúfuttittlinga frá ýmsum heimshlutum á bilinu 73 til 85 mm, og breytist stærð fuglanna

smám saman frá einu landsvæði til annars. Því er erfitt að skera úr um það, hvar eigi að draga mörk á milli einstakra deilitegunda. Niðurstöður okkar og þær tölur sem Timmermann (1949) gefur

upp eru nálægt efri mörkum fyrir þúfuttittlinga almennt.

Salomonsen (1927) taldi, að steindeplar á A-Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum væru sérstakrar deilitegund-

Tafla 1. Lengd vængjar og þyngd fugla af þremur íslenskum spörfuglategundum. Aldur fuglanna er skilgreindur skv. Euring-reglunum, þ.e. 4, fugl eldri en frá yfirstandandi ári; 5, fugl frá síðasta ári; 6, fugl eldri en frá síðasta ári. F, kvenfugl; M, karlfugl; C, fugl aldursgreindur á lögun endaparms; P, fugl með greinilega varpbletti. Staður: M, Mývatn; R, Reykjavík; F, Fnjóskadalur. — *Wing lengths and weights of birds of three Icelandic passerine species. Age given in Euring code: 4, hatched before current calendar year; 5, hatched in previous calendar year; 6, hatched before last calendar year. Sex: F, female; M, male; C, sexed on cloacal shape; P, well developed brood patch present. Locality: M, Mývatn; R, Reykjavík; F, Fnjóskadalur.*

	dagur date	aldur age	kyn sex	vængur wing (mm)	þyngd weight (g)	klst. hour	staður place
Skógarþróstur <i>Redwing</i>	18.5	5	c M	127	73	09	R
	18.5	4	cpF	126	81	11	R
	19.5	5	c M	124	74	11	R
	19.5	5	c M	128	74	17	R
	20.5	5	c M	119	70	09	R
	20.5	4	c M	126	68	13	R
	22.5	4	c M	123	74	16	R
	22.5	4	cpF	125	78	16	R
	22.5	5	c M	124	76	16	R
	22.5	4	c M	127	84	16	R
	22.5	4	prob M	127	80	13	R
	23.5	5	cpF	115	73	14	R
	23.5	4	prob M	121	74	15	R
	27.5	4	cpF	124	90	15	F
	27.5	4	c M	129	81	16	F
	27.5	5	c M	126	77	16	F
	27.5	4	c M	126	74	16	F
	29.5	4	cpF	129	87	15	F
	29.5	5	cpF	120	88	15	F
	30.5	5	c M	128	74	13	F
Þúfuttittlingur <i>Meadow Pipit</i>	1.6	4	c M	122	74	17	F
	4.6	6	cpF	126	80	17	M
	17.5	4		83	19,8	15	R
	18.5	4	cpF	76	21,9	15	R
	23.5	4		82	18,3	15	R
	29.5	4		85	18,8	17	F
	2.6	4	c M	87	19,0	14	F
	4.6	4	c M	84	21,6	16	M
Steindepill <i>Wheatear</i>	4.6	4	cpF	80	26,5	17	M
	23.5	4	F	99	23,3	13	R

ar, *Oenanthe oenanthe schiöleri*. Vauric (1959) taldi hins vegar, að of lítill munur væri á þeim og öðrum grænlenstum steindeplum, en þeir tilheyra deilitegundinni *O.o. leucorrhoa*. Flokkaði hann alla steindepla frá ofangreindu svæði saman undir deilitegundina *leucorrhoa*. Tengsl þessara stofna eru þó enn óljós vegna skorts á upplýsingum, og falla einkenni íslenskra steindepla milli tveggja ofangreindra deilitegunda. Eini kvenfuglinn sem við mældum hafði vænglengd 99 mm, sem er á lægri mörkum fyrir grænlensta steindepla (sbr. Svensson 1984).

Mjög takmarkaðar heimildir eru til í ritum um stærð íslenskra spörfugla. Í söfnum vantar auk þess tilfinnanlega hami af fuglum frá varptíma. Kемur þessi gagnaskortur í veg fyrir að unnt sé að skilgreina breytileika í stærð fugla.

Hér að ofan hefur verið bryddað á nokkrum atriðum, sem þarfnast nánari rannsókna. Betri gagna er þörf til þess að unnt sé að gera raunhæfan sam- anburð á mismunandi varpstofnum. Með viðameiri gögnum yrði enn fremur auðveldara að gera sér grein fyrir, hvaðan úr heiminum fuglar, sem eru á ferð á milli vetrar-og sumarheimkynna, eru ættaðir. Það á við um farfugla innan- lands og utan.

ÞAKKIR

Við þökkum Ævari Petersen, Sverri Thor- stensen og fjölskyldum þeirra fyrir veitta hjálp meðan á Íslandsdvöl okkar stóð. Landeigendum og skógarvörðum er þakkaður aðgangur að landi. S.R. Baillie og A.-M. Reynolds lásu yfir handritið og komu með ábendingar. Erling Ólafsson og Ævar Petersen þýddu greinina úr ensku.

HEIMILDIR

- Baillie, S. 1978. Weight cycles of passerines trapped in the Grampian region. Grampian Ring- ing Group Report 1: 8-17.
- Haftorn, S. 1982. Variation in body measurements of the Willow Tit *Parus montanus*, together with a method for sexing live birds and data on the degree of shrinkage after skinning. Cinclus 5: 16-26.
- Hall, B.P. 1961. The taxonomy and identification of pipits (genus *Anthus*). Bull. Brit. Mus. (Nat. Hist.) 7: 243-289.
- Knox, A. 1980. Post-mortem changes in wing- lengths and wing formulae. Ringing and Mig- ration 3: 29-31.
- Meinertzhagen, R. 1953. On some west Irish birds and a suggestion for the use of the cline. Bull. Brit. Orn. Cl. 73: 41-44.
- Salomonsen, F. 1927. The distribution of the Wheatear in Denmark. Ibis 12th ser., 3: 202- 206.
- Svensson, L. 1984. Identification guide to Europe- an passerines. 3rd Edition. Stockholm.
- Timmermann, G. 1949. Die Vögel Islands. Liefer- ung 3. Vísindafélag Íslendinga no. 28. Reykja- vik

SUMMARY

Biometrics of some Icelandic passerines

Wing lengths and weights are given for 23 Redwings *Turdus iliacus*, 7 Meadow Pipits *Anthus pratensis*, and one Wheatear *Oenanthe oenanthe*, trapped in Iceland in spring 1983 (Tab. 1). More data need to be gathered before studies of varia- tion within Iceland, and in comparison with birds from elsewhere, can be adequately undertaken.

Dr. Alan G. Knox, Sub-department of Ornith- ology, British Museum (Natural History), Tring, Herts HP23 6AP, England.

Timothy W. Parmenter, Photo Unit, British Mus- eum (Natural History), Cromwell Road, London SW7 5BD, England.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983

Árið 1983 var óvenjulegt að ýmsu leyti. Tiltölulega fáar tegundir sáust og flækingsanefndinni bárust færri upplýsingar en oftast áður. Nefndina skipuðu sömu menn og fyrr (sjá Gunnlaug Pétursson og Erling Ólafsson 1984).

Ótal vandamál koma upp þegar farið er yfir gögn um sjaldgæfa fugla. Allt of oft eru upplýsingar ónákvæmar eða þær vantar, einnig lýsingar á fuglum. Þessi atriði hafa þó verið tíunduð í fyrri skýrslum en árangur lætur á sér standa. Með ófullkomnum frágangi gagna er nefndinni gert óþarflega erfitt fyrir. Er ljóst að hún hefur af þeim sökum orðið að fella út fugla, sem þó voru e.t.v. góðir og gildir.

Í þessari skýrslu er getið 69 tegunda, sem er um þriðjungi færri tegundir en undanfarin ár. Örfáar leiðréttingar eru við fyrri ársskýrslur og nokkrar viðbætur, þar á meðal grátrana 1979, selju-söngvari 1980 og pánefur 1982. Í þessari skýrslu er einnig getið gráprasta sem verptu á Selfossi 1980.

Nú verður getið helstu atburða á árinu 1983.

Sjaldgæfir varpfuglar. Vepja verpti við Syðri-Steinsmýri í Meðallandi (Erpur Snær Hansen 1983). Fjallafinkupar verpti tvisvar í Svínafelli í Örafum og kom upp ungum að minnsta kosti í fyrra skiptið. Kolþerna verpti hér á landi í fyrsta skipti sumarið 1983, en kom ekki upp ungum (Erling Ólafsson o.fl. 1983). Enn var einn gráspör á Bakkagerði í Borgarfirði eystra eftir að þeir týndu flestir lífi í byrjun árs 1981. Keldusvín og snæuglur fundust ekki verpandi á árinu fremur en mörg undanfarin ár.

Vetrargestir. Einungis einn ísmáfur sást á árinu, en fjöldi annarra vetrargesta var svipaður og áður.

Sjaldgæfir fargestir. Tveir fjallkjóar sáust, annar í júní en hinn í september, og nokkrir ískjóar í maí, lok ágúst og í september.

Sumargestir. Hvorki gráskrofur né hettuskrofur sáust með vissu árið 1983.

Deilitegundir. Hvítfálkinn grænlenksi er ekki lengur skilgreindur sem deilitegund fálka, heldur litarafbrigði (Cramp & Simmons 1980). Hans er þó getið í eftirfarandi skýrslu, en einn sást við Hafna-berg seinni part vetrar. Á Austurlandi sást urtandarsteggur, sem hafði einkenni bæði amerísku og evrópsku deilitegundanna.

Nýjar tegundir. Tvær nýjar tegundir fugla fundust hér á landi árið 1983. Rauðhegri náðist við Kópasker í október, og gullsóti í Nesjum, A-Skaft., í júlí. Sú fyrrnefnda kemur frá sunnanverðri Evrópu, en hin síðari frá N-Ameríku. Gullsótar hafa sést nokkrum sinnum í V-Evrópu, en þá yfirleitt verið taldir hafa sloppið frá gæludýraeigendum. Ævar Petersen (1985) fjallar nánar um þá tegund annars staðar í þessu hefti Blika.

Flækingsfuglar. Ekki komu neinar afgerandi göngur flækingsfugla til landsins árið 1983. Fuglar virtust berast hingað jafnt og þétt bæði um vorið og haustið. Fyrstu fjórir mánuðirnir voru mjög daufir, eins og oft áður. Það var ekki fyrr en í maí að dró til tíðinda, og nokkuð var um flækingsfugla allt fram yfir mitt sumar. Síðan varð slíkra fugla aftur vart eftir 10. september og nokkuð jafnt til um 20. nóvember.

Það sem fyrst og fremst einkennir árið er fæð spörfugla, bæði tegunda og einstaklinga. Til dæmis sáuust lauf- og gransöngvarar alls ekki, en þeir hafa hingað til verið taldir árvissir og hafa oft komið í umtalsverðum fjölda. Fleiri grátrönur og rósastarar sáuust en áður. Af mjög sjaldséðum tegundum hér má nefna ljómahegra, sem hefur ekki sést annars staðar í Evrópu sky. bestu heimildum, flóðhænu, stepputritil, sótstelk, amerískan fjalltittling, hlýraþröst og engisöngvara, að ógleymdum nýju tegundunum tveimur, rauðhegra og gullsóta.

Í síðari hluta apríl og fyrri hluta maí sáuust nokkrir fuglar í hópum auðnutittlinga í Njarðvík, Reykjavík og á Húsavík, sem athugendur töldu vera hrím-tittlinga. Tveir af þessum fuglum náðust, en hafa þó enn ekki verið greindir á fullnægjandi hátt. Þessir fuglar eru því ekki skráðir í skýrslunni hér á eftir. Greining hrím-tittlinga hér á landi virðist meiri örðugleikum háð en víða annars staðar í Evrópu, vegna þess hve ljósir íslenskir auðnutittlingar geta verið. Þá eru menn ekki á eitt sáttir um það, hvort hrím-tittlingur sé sérstök tegund eða deilitegund auðnutittlings.

Gráprestir og svartþrestir skipa veglegan sess í þessari skýrslu, enda hefur sjaldan sést jafnmikið af þeim og veturinn 1982-1983. Ásamt skrá yfir fugla þessara tegunda eru birt súlurit yfir fjölda séðra fugla og kort sem sýna dreifingu þeirra á landinu.

Annáll ársins

Nokkrir flækingsfuglar sáuust í janúar, sefgoði, gráhegri, hvítönd, eyrugla, bók-finkur og fjallafinkur. Sennilega hafa flestir þeirra verið eftirlegukindur frá haustinu. Í febrúar fundust aðeins þrjár tegundir, glóbrýstingur, sem án efa kom haustið áður, fleiri fjallafinkur sáuust í Reykjavík en í fyrri mánuði og vepja á Eyrarbakka. Önnur vepja sáuust svo á

Tálknafirði í mars. Um miðjan mars sáuust grátrana á túni vestan Grindavíkur og önnur eða e.t.v. sami fugl daginn eftir á sorphaugum Reykvíkinga í Gufunesi.

Það eina sem sáuust markvert í apríl voru tvær skógarsnípur og hringdúfa á Höfn í Hornafirði.

Í maí fór heldur að lifna yfir fuglalíf-inu. Allmargar tegundir andfugla sáuust, dvergsvanur og kanadagæsir á Austurlandi, snjógæsir á Vesturlandi og í Ölfusi, brandendur á Akureyri og í Neskaupstað, á Mývatni skutulönd, krákönd og hvítönd og þrjár korpændur í Hvalfirði. Þrjár grátrönur komu til Grímseyjar snemma í mánuðinum og héldu þar til í um þrjár vikur. Lítið varð vart við vaðfugla, aðeins skógarsnípu á Hallormsstað og sótstelk við Norðurá í Borgarfirði. Hópur ískjóa sáuust á flugi á Garðskaga og fullorðinn ísmáfur á Húsavík. Hringdúfa var á Hallormsstað. Landsvölur sáuust víða um sunnanvert landið einkum í fyrri hluta mánaðarins, en einnig tvær norður á Ströndum. Þá sáuust fjallafinkur á nokkrum stöðum, karlfugl að Laugarási í Biskupstungum, par í Fossvogi, tveir kvenfuglar á Kvískerjum og nokkrir fuglar á Svínafelli í Örafum.

Í júní vakti mest athygli ljómahegri sem náðist að Hraunkoti í Lóni í byrjun mánaðarins. Annar hvítur hegri sáuust skömmu síðar á sama stað og aftur 23. júní, en þá var að sögn mjög af honum dregið. Sennilega hefur verið um sömu tegund að ræða. Á Mývatni sáuust tveir ljóshöfðablikar og skutulandarpar. Einnig sáuust brúnönd í Kelduhverfi, krákönd í Álftafirði og korpönd á Sel-tjarnarnesi, en hún hélt til þar fram í miðjan ágúst. Tvær grátrönur lentu í Flatey á Skjálfanda og fóru ekki á brott fyrr en um miðjan ágúst. Ekki er ósennilegt, að þær hafi komið frá Grímsey. Flóðhæna flaug inn í hús í Garðinum og blesshæna sáuust undir Eyjafjöllum. Skógarsnípa gerði sig heimakomma í Ásbyrgi og sýndi af sér atferli sem gæti bent

til varps. Fjallkjóa varð vart á Kvískerjum og fullorðinn trjámafur sást með hettumáfum á Álfanesi. Þrjár hringdúfur sást í Lóni og eyrugla fannst dauð í Breiðdal. Þrír múrsvölungar sást, einnig landsvala og bæjasvala. Sportittlingur náðist í Kelduhverfi í lok mánaðarins, en hann hefur sennilega orðið innlyksa hér á leið til Grænlands fyrr um vorið. Fjallafinkur sást enn á nokkrum stöðum, karlfuglar í Mývatnsveit, Skógræktarstöðinni í Fossvogi, Bæjarstaðaskógi og í Fljótshlíð. Varp var staðfest að Svínafelli í Öræfum. Gráspör kom að Kvískerjum. Rósastarar komu til landsins í lok mánaðarins, en þeir áttu eftir að sjást á nokkrum stöðum fram eftir sumri (sjá Ævar Petersen 1984).

Júlí var heldur tíðindaminni en maí og júní. Skutulendur sást enn á Mývatni, nú tveir kvenfuglar, og ljóshöfði fannst á Ísafirði. Auk vepjupars með unga í Meðallandi sást stök vepja í Landbroti í lok mánaðarins. Ekki er útilokað að þar hafi annar varpfuglanna verið á ferðinni. Í júlí má að öllu jöfnu fara að búast við flækingsvaðfuglum, en fullorðnir vaðfuglar hefja haustfarflug snemma, fyrr heldur en spörfuglar. Vaðlatíta var í hópi lóupræla á Eyrarbakka um miðjan mánuðinn. Kolþernur urpu við Stokkseyri og ein sást í kríuvarpi á Snæfellsnesi. Hringdúfur sást á Reynivöllum í Suðursveit og á Hallormsstað og turtildúfa á Höfn. Múrsvölungur var í Vestmannaeyjum. Áhugaverðasti fuglinn þennan mánuðinn var gullsóti, sem birtist að Hafnarnesi í Nesjum 23. júlí, en hans hefur ekki áður orðið vart hér á landi.

Lítið var um það að sjaldgæfir fuglar væru á ferðinni hér í ágúst. Þó sást nokkrir seinni hluta mánaðarins, gráhegri í Ölfusi, grátrana á Egilsstöðum, bleshæna á Mývatni, ískjói á Miðnesi og ung hringdúfa í Skógræktarstöðinni í Fossvogi. Þar hafði og fjallafinkum fjölgað, voru orðnar a.m.k. fjórar um

miðjan mánuðinn. Þó fékkst ekki staðfest að um varp hafi verið að ræða.

Í september sást, fjórir gráhegrar í Hamarsfirði og einn í Fljótshlíð. Vaðfuglar koma gjarnan til landsins í þessum mánuði og sást nokkrar tegundir þeirra, vepja að Steinnesi A-Hún., skógarsnípa í Borgarnesi, sex grálour, rákatíta og rúkragi á Miðnesi. Grálour sást fram eftir október en þeim fækkaði jafnt og þétt. Kjóar áttu leið hér um að vanda, fjallkjói sást í Skerjafirði og ískjóar norður af landinu. Dvergmáfur fannst í Grindavík í lok mánaðarins og hélt hann sig þar um slóðir til 8. október. September hefur oft boðið upp á ýmsar tegundir spörfugla. Það brást að mestu að þessu sinni, þar sem aðeins sást fjórar tegundir. Garðsöngvarar náðust á Heimaey og Reykjanesskaga, hettusöngvari sást á Ólafsfirði, sportittlingur í Garðinum og bókfinka í Neskaupstað.

Heldur meira bar á flækingsfuglum í október en í september, en þeir voru þó mun færri en í meðalári. Gráhegrar sást nokkuð víða, einkum í fyrri hluta mánaðarins, og á Kópaskeri fannst raudhegri hér í fyrsta sinn. Akurgæs birtist í Flatey á Breiðafirði um miðjan mánuðinn, og snjógæs sást í hópi grágæsa við Þjórsá. Keldusvín sást í Lóni og á Miðnesi og fimm vepjur í Hróarstungu. Vaðlatíta sást nokkrum sinnum á Miðnesi, en sennilega hefur verið um aðeins einn fugl að ræða. Önnur var við Grindavík. Stepputrítill náðist öðru sinni hér á landi, en hann var við Stafnes á Miðnesi 8. október. Hringdúfa sást á Heimaey, turtildúfur í Sandgerði og á Hallormsstað. Amerískur fjalltittlingur (sjá bergtittling í skránni hér á eftir) náðist í Höfnum, en hann er mjög fáséður hér. Sama er að segja um hlýraþröst sem fannst við Fuglavík á Miðnesi í lok mánaðarins. Glóbrystingur sást í Eiðapinghá og engisöngvari fannst á Kvískerjum, en hann er mjög sjaldséður hér. Garðsöngvarar voru á þremur stöð-

um, á Húsavík, Kvískerjum og í Reykjavík. Aðeins þrír hettusöngvarar sáust í mánuðinum, á Höfn og Reykjaneskaga. Glókollur settist á bát austur af Langanesi og barrfinka fannst nýdauð að Hofi í Öræfum. Tveir bláhrafnar komu að Hnappavöllum og einn var á Djúpavogi.

Nóvember var nokkuð áþekkur undangengnum mánuði, þ.e. reytingur af fuglum allt fram til þess tuttugasta. Þó var ekki um margar tegundir að ræða. Gráhegrar sáust nú enn víðar, á A-, S- og SV-landi. Sefhæna fannst illa haldin að Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð. Hún var hýst með hænsnum og lifði fram á vor 1984, eða þar til köttur varð henni að bana. Vepjur sáust upp úr miðjum mánuðinum, ein á Heimaey 17. nóvember og fjórar á Miðnesi þremur dögum síðar. Veimiltíta náðist í Sandgerði og vallskvetta kom að Kvískerjum. Þá varð söngprasta vart, einn náðist á Stafnesi, annar sást í Garðinum og sá þriðji á Kvískerjum. Garðsöngvari sást við Seltjörn, en þeir sjást sjaldan eftir að kemur fram í nóvember. Hettusöngvarar sáust á nokkrum stöðum eftir miðjan mánuðinn, í Nesjum, á Rauðasandi, Kvískerjum og í Reykjavík.

Tegundaskrá

Sefgoði *Podiceps grisegena*

A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku. – Fremur sjaldgæfur vetrargestur.

S-Ping: Ærvíkurhöfði við Skjálfanda, 2. janúar (Brynjólfur Brynjólfsson, GH).

Ljómahegri *Egretta thula*

Sunnanverð N-Ameríka og norðurhluti S-Ameríku. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér og hefur ekki sést annarsstaðar í Evrópu.

A-Skaft: Hraunkot í Lóni, 6. júní ☆ (Friðrik Jónsson). Hvítur hegri, e.t.v. sömu tegundar, sást skömmu síðar og aftur 23. júní við Hraunkot.

Aðeins fáeinir flækingsfuglar sáust í desember, gráhegri í Ósum á Reykjaneskaga, skógarsnípa í Fossvogi og tveir hettusöngvarar í Reykjavík.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri athugun eru annað hvort finnendur eða geta fyrstir viðkomandi fugls eða fugla. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. ☆ merkir að fuglinum hafi verið safnað eða hann fundist dauður. Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum (nema Reykjavík) skipað undir sýslur.

Tegundum er nú raðað á annan hátt en í fyrri ársskýrslum, eða samkvæmt flokkunarkerfi Voous (1973-77). Hafa flestöll fuglatímarit í Evrópu tekið upp þá röðun tegunda í sambærilegum listum sem þessum. Latneskar nafngiftir eru einnig þær sömu og hjá Voous.

Við viljum þakka Gunnlaugi Práinssyni sérstaklega fyrir góða aðstoð við samantekt gráprasta- og svartprastaathugana veturinn 1982-83 og túlkun þeirra fyrir línurit þau sem birt eru, og VST fyrir veittan stuðning við setningu skýrslunnar.

Gráhegri *Ardea cinerea*

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. – Algengur haust- og vetrargestur.

Árn: Kotströnd í Ölfusi, 22. ágúst (Pálmi R. Pálmason).

Baugsstaðir í Flóa, 13. október (Hjálmar Ævarsson).

Gull: Kópavogur, seint í janúar, (Garðar Svavarsson).

Vífilsstaðir í Garðabæ, tveir 23. október til 2. nóvember, tveir að auki 2. nóvember (Hildegard Þórhallsson, Hrafnkell Helgason).

Grindavík, 3. október (Sigmar Björnsson).,

ungf 5. nóvember (EÓ, ESH, EP, GP, KM).
 Snorrastaðatjarnir, Vatnsleysustr., 8. október (EÓ, GP, GP, KM).
 Hvalsnes á Miðnesi, ungf 12. nóvember (KM).
 Garðskagi, 12. nóvember (EÓ).
 Sandgerði, 20. nóvember (GP).
 Ósar við Hafnir, 20. nóvember (EÓ, GP, KM, ÓE), 21. desember (Guðmundur A. Guðmundsson, KL).
N-Múl: Torfastaðir í Vopnafirði, 1. nóvember (Haraldur Jónsson).
 Þorbrandsstaðir í Vopnafirði, ungf 5. nóvember ☆ (Snorri Hallgrímsson).
 Hallfreðarstaðir í Hróarstungu, 2. nóvember (Örn Þorleifsson).
S-Múl: Bragðavellir í Hamarsfirði, fjórir 14. september, einn 16. september (Ragnar Eiddsson).
 Lagarfljót við Egilsstaði, einn 8. nóvember til 3. desember, annar að auki 11.-13. nóvember (Vigfús Hljórtur Jónsson ofl.).
Mýr: Ferjukot, Borgarhr., 10.-12. október ☆ (Henning Kristjánsson), fullu 14.-23. október (Þorkell Fjeldsted ofl.).

Rang: Múlakot í Fljótshlíð, 29. september (Karl Björnsson ofl.).
 Hlíðarendi í Fljótshlíð, 16. nóvember (Hrafn Óskarsson).
 Drangshlíðardalur undir Eyjafjöllum, 18. nóvember (Jón Einarsson).
Rvík: Gufunes, 10. apríl (KHS).
A-Skaft: Stafafell í Lóni, nóvember (Egill Jónasson).

Rauðhegri *Ardea purpurea*


S-Evrópa, sunnanverð Asía og S-Afríka. — Hefur ekki sést áður hér á landi.
N-Þing: Kópasker, 5. október ☆ (Guðmundur Baldursson).

Dvergsvanur *Cygnus columbianus*

Síbería (*C.c. bewickii*) og N-Ameríka (*C.c. columbianus*). — Mjög sjaldgæfur flækingur, sást fyrst 1978 (*C.c. bewickii*).
N-Múl: Merki á Jökuldal, 2. maí (PL).
 Hvanná á Jökuldal, 4. maí, sami fugl og við Merki (Skarphéðinn Þórisson).

Akurgæs *Anser fabalis*

N-Evrópa og N-Asía. — Sjaldgæfur flækingur.



1.mynd. Brandönd *Tadorna tadorna*. Akureyri, 22. maí 1983. Ljós. Gunnlaugur Pétursson.



2.mynd. Brandönd *Tadorna tadorna*. Neskaupstaður, 7. maí 1983. Ljós. Kristinn Haukur Skarphéðinsson.

ur, en sást þó í nokkrum mæli 1981 (Bliki 1: 43-46).

A-Barð: Flatey á Breiðafirði, miður október til 17. nóvember ☆ (Hafþór Hafsteinsson).

Snjógæs *Anser caerulescens*

N-Kanada og NA-Síbería. – Lifir sums staðar hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, oftast í fylgd með blesgæsum. Ef annað er ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða. *Árn*: Blanda í Ölfusforum, 22. maí (EP, ÓE).

Ferjunes, Villingaholtshr., 10. október (Börkur Skúlason).

Borg: Hvanneyri, um 15.-20. maí og önnur um haustið (Porkell Porkelsson).

Snæf: Kolviðarnes, Eyjafir., „blágæs“ um 15.-20. maí (Hallur Pálsson, Rafn Sigurðsson).

Kanadagæs *Branta canadensis*

Some very rare species were recorded, such as *Egretta thula*, *Tringa erythropus*, *Anthus spinoletta rubescens*, *Porphyrio martinica*, *Glareola nordmanni*, *Turdus viscivorus*, and *Locustella naevia*. *Grus grus* was seen in at least five locations (possibly only two individuals) and *Sturnus roseus* showed up at five locations, and thus doubled the

number of records so far for Iceland (Ævar Petersen 1984).

As in previous reports this covers records of *Turdus pilaris* and *Turdus merula* from the previous winter, now September 1st 1982 to August 31st 1983. Unusually many birds of these species were reported in autumn and early winter 1982.

Of irregular breeders, *Vanellus vanellus* nested in Mcðalland, in summer 1983, and raised at least three young (Erpur Snær Hansen 1983). This is the third, possibly the fourth, substantiated breeding report in Iceland. A pair of *Fringilla montifringilla* bred twice at Svínafell í Öræfum, but young resulted only from the first breeding attempt. For the first time *Chlidonias niger* bred in Iceland in summer 1983, but the nest was destroyed by high tide in late July (Erling Ólafsson et al. 1983).

For every record in the species list the following details are given: (1) county (in italics), (2) locality, (3) number of birds (if more than one), (4) sex and age, if known, (5) date, (6) observers (in parentheses), (7) publication, if applicable.

The following abbreviations are used: karlf = male, kvenf = female, fullt = adult, ungf = immature, ☆ = collected or found dead.

The list of species now follows the sequence and nomenclature proposed by Voous (1973-77).

Gunnlaugur Pétursson, Dalalandi 8, 108 Reykjavík.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Ævar Petersen

Helsingjar í vegvillum

Helsinginn *Branta leucopsis* er algengur umferðarfarfugl á Íslandi. Hann kemur hér við í tugþúsundatali vor og haust, á árlegu farflugi sínu milli varpstöðvanna á Norðaustur-Grænlandi og vetrarheimkynna á Bretlandseyjum (Bjarni Sæmundsson 1936, Cramp & Simmons 1977, Arnþór Garðarsson 1982).

Á haustin koma helsingjar til landsins um miðjan september og eru hér út

október. Þeir fyrstu fara þó að sjást í byrjun september og einstaka cru fram eftir nóvember (Náttúrufræðistofnun Íslands, óbirtar uppl.). Á vorin koma helsingjar í apríl, í Öræfin einkum á tímabilinu 20.-30. apríl (Hálf dán Björnsson 1976). Frá því helsingjar hverfa að hausti og koma að vori, sjást þeir venjulega alls ekki. Sem dæmi má nefna, hafa helsingjar aldrei sést í fuglatalningum þeim, sem fara venjulega fram milli jóla

og nýjárs, en talningar þessar hafa verið gerðar árlega í yfir 30 ár á mörgum stöðum á landinu (Ævar Petersen 1983).

Helsingjar á útmánuðum 1984

Í ljósi þess sem sagt er hér að ofan, vakti það nokkra furðu, þegar Náttúrufræðistofnuninni bárust tilkynningar um helsingja í janúar og febrúar 1984. Þeirra var aðeins vart á austanverðu landinu, svo vitað sé, frá Langaneströnd í Bakkaflóa suður til Hornafjarðar. Á 1. mynd eru sýndir staðirnir sem helsingjar sáust á og fjöldi fugla á hverjum stað. Athuganir þær sem liggja að baki kortinu eru taldar hér upp:

- Þorvaldsstaðir í Bakkaflóa, N.-Múl. 23. janúar 1984. 1 fugl (Þórarinn Haraldsson).
- Miðfjarðarnes í Bakkaflóa, N.-Múl. Um 1. febrúar 1984. 2 fuglar (Þórarinn Haraldsson eftir Auðunni Þórarinssyni).
- Þorvaldsstaðir í Bakkaflóa, N.-Múl. 5.-7. febrúar 1984. 2 fuglar (Þórarinn Haraldsson).
- Bakki í Bakkaflóa, N.-Múl. 8.-9. febrúar 1984. 2 fuglar (Þórarinn Haraldsson).
- Eskifjörður, S.-Múl. 2. febrúar 1984. 1 fugl, skotinn, varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands (RM 8211) (Páll Leifsson).
- Hraunkot í Lóni, A.-Skaft. Í febrúar 1984. 15 fuglar saman í hópi, tveir þeirra skotnir, annar þeirra merktur (sjá síðar) (Friðrik Jónsson).
- Hafnarnes í Nesjum, A.-Skaft. 27. janúar 1984. 1 fugl, stoppaði einn dag, var með aliöndum (Þórarinn Sigvaldason). 2. mynd.
- Hólar í Nesjum, A.-Skaft. 29. janúar 1984. 1 fugl, sem hélt sig í námunda við heimagæsir (Guðrún Hálfðanardóttir o.fl.).
- Einholt á Mýrum, A.-Skaft. 2. febrúar 1984. 5 fuglar (Sigurður Guðjónsson, Auðbjörg Þorsteinsdóttir).
- Borg á Mýrum, A.-Skaft. 6. febrúar 1984. 5 fuglar (Sigurður Guðjónsson, Auðbjörg Þorsteinsdóttir).

Án efa voru það sömu 2 helsingjarnir sem sáust við Bakkaflóa, enda er stutt á


milli þeirra bæja sem fuglarnir sáust við. Héldu þeir helst til á auðum túnum. Á Austfjörðum sást einn fugl í Eskifirði og hópur í Lóni. Þá sáust helsingjar í Nesjum í Hornafirði, þ.e. stakur fugl við Hafnarnes og einn við Hóla með tveggja daga millibili, líklegast sami einstaklingur. Að endingu sáust 5 helsingjar á Mýrum, fyrst við Einholt, síðar við Borg, vafalítið sömu fimm fuglarnir í bæði skiptin. Forvitnilegt væri að fá frekari upplýsingar um helsingja sem sést hafa að vetrarlagi, ef lesendur eiga þær í fótum sínum.

Útbreiðsla og fjöldi

Þrír varpstofnar helsingja eru í heiminum:

1. Fuglar þeir sem fara um Ísland tilheyra stofni sem verpur á NA-Grænlandi en hefur vetrarsetu á Írlandi og í NV-Skotlandi.
2. Fuglar sem verpa á Svalbarða hafa vetrarsetu við Solway-fjörð í SV-Skotlandi.
3. Þriðji varpstofninn er í Sovétríkjunum, einkum á Novaja Semlja og Vaygach-eyju. Þessir fuglar halda sig aðallega í Hollandi yfir vetrarmánuðina.

Eins og ljóst er af þessari upptalningu, eru varpstofnarnir vel aðskildir á sumrin. Á vetrarstöðvunum haldast stofnarnir einnig að miklu leyti einangraðir hver frá öðrum, þótt ekki sé langt á milli þeirra (Cramp & Simmons 1977). Aðeins skilja tæpir 200 kílómetrar á milli eins helsta vetrarsvæðis grænlenkra helsingja og þeirra frá Svalbarða. Með ólíkindum er, hversu samgangur er lítill þarna á milli. Merkingar hafi þó sýnt að lítils háttar tilfærslur eiga sér stað á milli hinna þriggja megin vetrarstöðva (Ogilvie 1978, Owen 1982). Til dæmis sást grænlenstur helsingi einn vetur við Solway-fjörð (þar sem Svalbarðafuglarnir halda til), en næsta vetur sást hann aftur, þar sem



1. mynd. Staðir þar sem helsingjar sáuast í janúar og febrúar 1984. — Localities in Iceland where Barnacle Geese were sighted in January and February 1984.

grænleniskir fuglar hafa jafnan vetrarsetu. Þá sást rússneskur fugl við Solwayfjörð en síðar á sínum hefðbundnu vetrarstöðvum í Hollandi. Fugl frá Svalbarða sást í Hollandi en svo síðar á sínum réttu vetrarstöðvum við Solway. Samgangur á milli stofnanna er hins vegar talinn svo takmarkaður, að litlu máli skipti þannig að þeir haldast að langmestu leyti einangraðir (Owen 1984).

Fjölgun hefur átt sér stað í öllum þremur stofnunum, frá því sem var fyrr á öldinni. Nú er rússneski stofninn þeirra stærstur. Á árunum 1977-78 taldi hann um eða yfir 50000 einstaklinga (Rooth o.fl. 1981). Svalbardastofninn er minnstur, um 8400 fuglar árið 1983 (Ogilvie 1984). Fjöldi grænlenkskra helsingja var um 35000 árið 1976 (Ogilvie 1978). Heildarfjöldi helsingja í heiminum er því tæplega 100 þúsund fuglar.

Endurheimtur merktra helsingja

Það er vel þekkt, að grænleniskir helsingjar fara um Ísland vor og haust á leið sinni til og frá vetrarstöðvunum á Bretlandscyjum. Endurheimtur helsingja, sem merktir hafa verið á Norðaustur-Grænlandi (um 71°N), bera þessum ferðum vitni. Fram í desember 1985 bárust Náttúrufræðistofnun Íslands tilkynningar um 61 helsingja sem merktir höfðu verið á Grænlandi og endurheimst á Íslandi. Írar hafa einnig merkt talsvert af helsingjum á vetrarstöðvunum og var búið að tilkynna um 19 þeirra á Íslandi fram að sama tíma.

Þá hafa náðst hér á landi tveir helsingjar sem merktir voru á Svalbarða. Endurheimtur þessara fugla sanna, að samgangur á sér stað á milli stofnanna. Upplýsingar um þessa fugla eru sem hér segir:

Stavanger 327588

- Merktur fullu. ♂ 23. júlí 1977. Nordenskjöldkysten, Svalbarða (77°50'N, 13°45'A).
- + Skotinn 9. maí 1980. Krossanes í Langholti, Skag. (65°34'N, 19°27'V).

Oslo PA 01345

- Merktur fullu. ♀ 26. júlí 1981. Nordenskjöldland, Svalbarða (77°49'N, 13°51'A).
- + Skotinn 15. maí 1983. Njarðvík, Borgarfirði eystra, N-Múl. (65°34'N, 13°54'V).

Líklegt er, að þessir fuglar hafi fyrst lagt leið sína með öðrum helsingjum frá Svalbarða suður með Noregsströndum til Skotlands, fremur en að fuglarnir hafi komið beint frá Svalbarða til Íslands. Þar hafi þeir flækst yfir á vetrarsvæði grænlenkra helsingja og flogið með þeim til Íslands að vori.

Einn helsingjanna sem náðist hér í febrúar 1984 hafði verið merktur í Hollandi. Helsingi merktur þar hefur aldrei

náðst á Íslandi áður. Upplýsingar um þennan fugl eru sem hér segir:


Arnhem 7.037.137

- Merktur fullu. ♂ 23. janúar 1978. Arkemheen bij Nijkerk, Gelderland, Hollandi (52°15'N, 05°27'A).
- + Skotinn í febrúar 1984. Hraunkot í Lóni, A.-Skaft. (64°23'N, 14°48'V).

Orsakir vetrarheimsóknarinnar

Í þessari grein hefur fram að þessu ekkert verið tæpt á því, hvernig á stóð ferðalagi helsingja til Íslands um miðjan vetur 1984. Þetta átti sér stað um þremur mánuðum áður en fuglar af þessari tegund fara yfirleitt að sjást á landinu.

Skýringin virðist fólgin í óvenjulegu veðurfari í scinni hluta janúar þetta ár. Mjög krappar lægðir gengu þá frá Nýfundnalandi austur um Norður-Atlantshaf. Yfir Bretlandseyjum og meginlandsströndum NV-Evrópu sveigðu lægðirnar til norð-norðvesturs og dýpk-



2. mynd. Helsingi við Hafnarnes í Nesjum 27. janúar 1984. — *The Barnacle Goose which was seen on the farm of Hafnarnes, SE.-Iceland, January 27, 1984.* Ljós. Þórarinn Sigvaldason.

uðu á leiðinni. Afleiðingin varð sú, að sterkir suð-suðaustanvindar ríktu í NV-Evrópu, og samtímis kyngdi niður snjó.

Íslensk dagblöð (t.d. Morgunblaðið 24.1.1984) greindu frá miklu óveðri sem þessar lægðir ollu í Evrópu, sérstaklega sú sem kom upp að landinu 22. janúar. Í mánaðaryfirliti Veðurstofu Íslands er þessarar lægðar getið. Hún nálgaðist suðausturströndina aðfaranótt 22. janúar og fór norðvestur yfir landið (Veðr-áttan janúar 1984). Hún var mjög kröpp, dýpkaði niður undir 950 millibör (Bull. Quot. Rens. 21.-24.1.1984), og hélt óveðrið allt fram til 23. janúar.

Í kjölfar þessarar lægðar varð helsingjanna fyrst vart. Sá fyrsti sást 23. janúar, sá næsti 27. og síðan koll af kolli. Síðasti fuglinn, sem nákvæm dagsetning er fyrir, sást 9. febrúar. Þótt fuglarnir hafi sést yfir 2-3 vikna tímabil, tel ég líklegast, að þeir hafi allir komið til landsins dagana 22.-23. janúar. Ýmsir aðrir erlendir flækingsfuglar sáust hér um sama leyti, s.s. bláhrafnar *Corvus frugilegus* (á a.m.k. 3 stöðum), svartþrestir *Turdus merula*, skógarsnípa *Scolopax rusticola*, dvergsnípa *Limnocryptes minimus* og vepjur *Vanellus vanellus* (á a.m.k. 2 stöðum). Fleiri erlendra flækingsfugla varð vart en vant er á þessum árstíma. Þeirra verður nánar getið í ársskýrslu um flækingsfugla ársins 1984.

Orsakir fyrir helsingjakomunum eru vafalítið gangur lægðanna frá NV-Evrópu og snarpir langvarandi vindar, enda lágu vindstrengirnir beina leið frá vetrarstöðvum tegundarinnar. Þegar vindhraðinn var mestur, fór hann upp í um 110 km. Þá hefur vindinn borið frá NV-Skotlandi til SA-Íslands á aðeins 5-6 klukkustundum, svo dágóður byr hefur því verið fyrir fugla sem lentu í vindstrengjunum.

Þótt vindátt og veðurhæð hafi getað hrakið fugla til Íslands, skýra þessir þættir ekki einir sér, af hverju stórir fuglar eins og gæsir hafi flækst af stað. Aðrar orsakir hljóta að hafa legið að

baki, og eru snjócoma og snjódýpt þar líklegustu orsakavaldarnir.

Þegar kuldaskil lægðanna gengu inn yfir Evrópu, fylgdi þeim stórhrið og snjór hrannaðist upp. Á Bretlandseyjum var iðulaus hrið er náði suður eftir Englandi. Ástandið var þó verst í Skotlandi, fannkoma og kuldi í marga daga (Morgunblaðið 24.1. og 25.1.1984). Mjög líklegt er, að fuglar hafi átt erfitt með að ná til jarðar eftir fæðu, sérstaklega grasbítar eins og helsingjar.

Uppruni

En hvaðan komu helsingjarnir? Því er ekki unnt að svara með vissu, en þrenns konar upplýsingar gefa um það vísbendingar:

1) Að einn helsingjanna var merktur í Hollandi leiðir líkur að því, að þeir hafi komið frá Niðurlöndum og því rússneskir að uppruna. Merkti fuglinn gæti þó allt eins hafa verið grænlenstur, einn þeirra tiltölulega fáu fugla sem flækjast á milli vetrarstöðva. Þar eð fuglinn var merktur að vetrarlagi, segir merkingarstaðurinn í raun ekkert með vissu um upprunann.

2) Samverkandi áhrif fyrir tilstilli vinda, snjókomu og fjarlægða leiðir frekar líkur að því, að fuglarnir hafi komið frá Skotlandi eða Írlandi. Það var yfir Bretlandseyjum sem mestur veður- ofsi kom samtímis mestri snjókomu. Vikuna fyrir 21. janúar var hláka í Niðurlöndum. Snjóaði ekki fyrr en með kuldaskilunum 22.-23. janúar. Þá var hins vegar veðrið mikið gengið niður á þessum slóðum. Þess vegna eru minni líkur á, að fuglarnir hafi hrakist þaðan. Hafi fuglarnir komið frá Bretlandi, gæti hvort sem heldur hafa verið um að ræða grænlensta fugla eða fugla frá Svalbarða. Grænlensti stofninn er um ferfalt stærri en sá frá Svalbarða, þannig af þeirri ástæðu einni má búast við því, að fuglarnir hafi verið grænlenkir.

3) Þá er rétt að benda á, að fuglarnir sáust hérlendis yfir allt Austurland en

ekki á einum afmörkuðum stað. Það getur þýtt, að þeir hafi komið frá fleiri en einu vetrarsvæði erlendis.

Hér er ályktað, að flestir fuglanna hafi komið frá Írlandi eða Skotlandi og hafi verið grænlenkir að uppruna, þótt ekki sé lokað fyrir það skotið, að fuglar frá Solway-firði eða meginlandi Evrópu hafi einnig flækst norður á bóginn.

Niðurlag

Í framhaldi af ofansögðu má spyrja, hvort helsingjar hafi ekki sést hérlandis að vetrarlagi áður? Mér er ekki kunnugt um nein eldri gögn sem greina frá komum helsingja til Íslands á veturna, nema Eggert Ólafsson (1753-58) getur um einn úr Viðey 1. desember 1755. Sá hefur verið óvenju seint á ferðinni. Ástæða þess, að helsingjar hafa ekki sést hérlandis áður, er e.t.v. sú, að lægðir koma fremur sjaldan upp að landinu frá suðaustri á veturna, ekki síst krappar og langvarandi, samtímis mikilli fannkomu í Evrópu, eins og átti sér stað í janúar 1984. Undir slíku veðurfari er venjulega hlaka í Evrópu.

Einnig má spyrja, hví sáust ekki aðrar gæsategundir sem heldur ekki sjást á Íslandi á veturna, s.s. grágæs *Anser anser*, heiðagæs *A. brachyrhynchus*, blesgæs *A. albifrons* og margæs *Branta bernicla*? Þær eru einnig grasbítar, og fannkyngi ætti að hafa svipuð áhrif á fæðuöflun þeirra og helsingja. Raunar sáust tvær margæsir um líkt leyti og helsingjarnir, og eru upplýsingar um þær þessar:

- Framnes í Berufirði, S.-Múl. 29. janúar 1984. 2 fuglar voru á túninu á beit, fóru einnig niður á voginn neðan bæjarins (Eyjólfur Guðjónsson).

Margæsir hafa sést hérlandis að vetrarlagi áður, þótt slíka viðburði verði að kalla sjaldgæfa. Til dæmis hafa þær sést tvisvar í fuglatalningunum um jóla-leytið (Ævar Petersen 1983).

Á Bretlandseyjum halda flestar grágæsir, heiðagæsir, margæsir og blesgæsir sig yfirleitt mun sunnar og/eða austar en helsingjar, sem flestir halda aftur á móti til í V-Skotlandi og á norðan-og vestanverðu Írlandi. Hinar gæsategundirnar fjórar eru algengar með ströndum meginlands Evrópu á veturna, engu síður en helsingjar (Cramp & Simmons 1977). Það, að þær sáust tæplega hérlandis í janúar og febrúar 1984, bendir því e.t.v. til þess, að helsingjarnir hafi einmitt *ekki* komið frá meginlandinu. Ef svo hefði verið, hefðum við einnig mátt eiga von á hinum gæsategundunum.

ÞAKKIR

Trausti Jónsson, veðurfræðingur, hjálpaði við túlkun veðurkorta sem eru í vörslu Veðurstofu Íslands, og er honum færðar þakkir fyrir. Erling Ólafsson og Gunnlaugur Pétursson lásu yfir handrit og færðu margt til betri vegar.

HEIMILDIR

- Arnþór Garðarsson 1982. Andfuglar og aðrir vatnafuglar. Bls. 77-116 í Fuglar. Rit Landverndar 8. 216 bls.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík. Bulletin Quotidien de Renseignements 60. árg. 21.-24.1.1984.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. The Birds of the Western Palearctic. 1. bindi. Oxford.
- Eggert Ólafsson 1753-58. Aves Islandiae. Handrit í Landsbókasafni. IS.202, 4to. 88 bls.
- Hálfðán Björnsson 1976. Fuglalíf í Öræfum, A.-Skaft. Náttúrufræðingurinn 46: 56-104.
- Morgunblaðið 24.1.1984: 29 & 34.
- Morgunblaðið 25.1.1984: 15.
- Ogilvie, M.A. 1978. Wild geese. Berkhamsted.
- Ogilvie, M.A. 1984. Numbers of geese in Britain and Ireland, 1983-84. Wildfowl 35: 180.
- Owen, M. 1982. Population dynamics of Svalbard Barnacle Geese 1979-1980. Aquila 89: 229-247.
- Rooth, J., B. Ebbinge, A. van Haperen, M. Lok, A. Timmerman, J. Philippona & L. van den Bergh 1981. Numbers and distribution of wild geese in the Netherlands, 1974-1979. Wildfowl 32: 146-155.
- Veðráttan janúar 1984.
- Ævar Petersen 1983. Fuglatalningar að vetrarlagi: Saga og árangur. Bliki 2: 28-42.

SUMMARY

Barnacle Geese *Branta leucopsis* in Iceland in mid winter 1984

In January and February 1984 Barnacle Geese were sighted at several places in eastern Iceland. This species is usually not found in the country in winter. Barnacle Geese have, for instance, never been recorded in the annual Christmas Bird Counts, which have been organized for over 30 years (cf. Ævar Petersen 1983).

The localities at which geese were sighted, are listed in the Icelandic text and mapped in Fig. 1. Two birds were observed at 3 different places in north-east Iceland, and are believed to represent the same individuals. Same applies to the single and the 5 birds recorded on two separate occasions each in the south-east.

It is well documented that Barnacle Geese of the North-east Greenland population, pass through Iceland spring and autumn. Up till December 1985 there were 61 recoveries of Greenland-ringed Barnacles in Iceland. Similarly of Barnacles ringed on the wintering grounds of the Greenland population at Inishkea, Ireland, to same date 19 have been reported in Iceland.

Two birds ringed in Spitzbergen have been

recovered in Iceland, indicating some exchange between populations. Interchange between the three main winter populations, is nonetheless thought to be minimal (cf. Ogilvie 1978, Owen 1982). The details for these two recoveries are given in the Icelandic text.

Three of the Barnacle Geese recorded in Iceland in January 1984, were collected, and one of them had been ringed in the Netherlands (details in the Icelandic text). Although possibly of Russian origin, this is by no means certain since the bird was ringed in winter. Considering the weather conditions at the time (e.g. Bull. Quot. Rens. 21.-24.1.1984), the birds are considered more likely to have arrived from Britain than from continental Europe. The weather was especially severe in north-western British Isles, with heavy winds and unusually much snow for several days. Two Brent Geese *Branta bernicla* were recorded in the same period in Iceland. This species has been recorded earlier in Iceland during the height of winter, contrary to Barnacle Geese.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Box 5320, 125 Reykjavík

Arnþór Garðarsson og
Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Veturseta álfatar á Íslandi

Inngangur

Hér á landi er álfatin *Cygnus cygnus* algengur varpfugl. Stærð íslenskar stofnsins var áætluð um 10-11000 fuglar haustið 1982 (AG & KHS 1984), en nýrri talningar benda til þess að stofninn sé a.m.k. 14000 að hausti. Flestar íslenskar álfittir hafa vetursetu á Bretlands-eyjum, einkum Írlandi og Skotlandi. Nokkrar leggja þó leið sína til meginlands Evrópu eða eru um kyrrt hér.

Í þessari grein er sagt frá dreifingu og fjölda álfatar á Ísland að vetrarlagi hin síðari ár. Ennfremur er kannað hvort breytingar hafi orðið á vetursetu álfatar á því tímabili sem heimildir leyfa.

Aðferðir og aðföng

Álfittir eru stórir og áberandi fuglar og eru þar að auki oft í hópum. Þær eru vanafastar og sjást á sömu slóðum ár eftir ár. Því er auðvelt að fylgjast með þeim, hvort heldur er með athugunum á jörðu niðri eða úr flugvél.

Ungarnir eru gráleitir og bleiknefjaðir og eru auðgreindir frá fullorðnum fuglum framan af vetri, en í febrúar-maí lýsast ungarnir og líkjast þá fullorðnum álfutum sífellt meir. Fjölskyldurnar halda saman allan veturinn.

Við höfum kannað svo til allar vetrarstöðvar álfatar á Íslandi. Athuganir á suðvesturhorninu og í Þingeyjarsýslum hafa



1. mynd. Álfir í Straumsvík að vetrarlagi. Ljós. Arnþór Garðarsson.

einkum verið gerðar á jörðu niðri. Annars staðar hafa mest verið notaðar flugvélar. Þá höfum við haft samband við kunnuga menn á ýmsum stöðum þar sem einhverjar líkur þóttu til að álfir gætu verið yfir vetrinn. Loks höfum við kannað heimildir ítarlega, þar á meðal óbirt gögn í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Er þar í fyrsta lagi um að ræða bréf og skýrslur sem athugendur hafa sent stofnuninni, sérstaklega Finni Guðmundssyni. Í öðru lagi skýrslur um jólatalningar 1952-84, sem að mestu eru óbirtar. Þriðja lagi eftirtaldir dagbækur og athugasemdir: Dagbækur Richards Hörring úr Íslandsferðum 1905-1908. Athugasemdir eftir Peter Nielsen, skráðar frá því um 1880 þar til um 1930 í eintak af Kjærböllum, 1878, Skandinavians Fugle. Dagbækur Finns Guðmundssonar 1941-1942.

Fartími álfar er frá því í september og fram eftir nóvember, en obbin af stofninum fer um miðjan október (AG & KHS 1984). Farfuglarnir byrja að

koma til landsins upp úr miðjum mars (Hálfðán Björnsson 1976).

Talningar, svo og athuganir á merktum álfum, sýna að álfir ferðast eitthvað á milli staða innanlands allan vetrinn. Á tímabilinu 1. desember til 15. mars er sennilega mjög lítil hreyfing á álfum til og frá Íslandi. Athuganir sem hér eru notaðar eru allar frá þessum árstíma, nema talningar á suðaustanverðu landinu 18. mars 1982 og 15.-17. mars 1985.

Yfirlit um vetrarstöðvar

Suðurland

Á Suðurlandi eru víða lindavötn og vötn þar sem jarðhita gætir, og haldast íslaus í hörkum. Helstu svæðin á láglandi þar sem þannig háttar eru í Landbroti og Meðallandi, Hólsá í Rangárvallasýslu og vatnasvæði hennar (þ.e. Rangárnar báðar og ýmsir lækir), Brúará og vötn sem til hennar falla, Sogið, og Ölfusið (Varmá, Þorleifslækur). Auk usið (Varmá, Þorleifslækur). Auk þess

Tafla 1. Fjöldi álfta á Suðurlandi í febrúar-mars.

	1976	1977	1979	1982
	Dags. 11.2.-6.3.	2.2.-25.2.	11.2.-14.3.	13.2.-18.3.
Svæði				
Meðalland-Landbrot	21	27	28	47
Álftaver	0	0	3	0
Mýrdalur-Landeyjar	18	—	0	—
Hólsá-Rangár	19	62	—	60
Brúará og nágrenni	9	14	6	15
Sogið	2	20	22	1
Ölfus	38	8	47	22
Stokkseyri	28	13	15	7
Alls (lágmarkstala)	135	144	(121)	152
— ekki talið				

Þess eru að jafnaði vakir í árósum. Á hálendi eru allmiklar vakir á Veiðivötnum, en álfir sáust þar ekki í þau skipti sem svæðið hefur verið kannað að vetrinum. Mestöll suðurströndin er sendin og opin fyrir úthafinu, en miklar sjávarfittjar og fjörulón eru frá Ölfusárós austur fyrir Baugstaði.

Vetrarstöðvar álfta á Suðurlandi eru aðallega þau svæði sem hér voru talin: í Meðallandi austanverðu, á vatnasvæðum Hólsár, Brúarár og Ölfusár, og ströndin við Stokkseyri. Heildartalan á Suðurlandi í febrúar-mars árin 1976, 1977 og 1982 var að jafnaði um 150 fuglar, en fjöldinn á hverjum stað var nokkuð breytilegur milli ára (Tafla 1).

Kringum aldamótin 1800 voru álfir algengar sunnanlands á veturna (Sveinn Pálsson 1945, Faber 1822). Peter Nielsen faktor á Eyrarbakka (handrit um 1890) getur um vetursetu álfar í Meðallandi, í Biskupstungum og á Varmá í Ölfusi. Richard Hörring (dagbók 1907) og Bjarnfreður Ingimundarson (1930) geta einnig um vetrarálfir í Meðallandi. Tveir heimildarmenn Finns Guðmundssonar geta um álfir í Rangárvallasýslu 1935: Guðjón Einarsson taldi að óvenju-

mikið hefði verið um álfir í Vestur-Landeyjum veturna á undan, og Árni Arnason sagði að álfir væru á Ytri-Rangá allan veturinn.

Í mildum vetrum sjást álfir miklu víðar á Suðurlandi en hér verður talið. Þá hafa álfir stöku sinnum sést í Vestmannaeyjum á veturna (Hörring dagbók 1908, Þorsteinn Einarsson 1937, Sigurgeir Sigurðsson munnl.).

Suðurkjálkinn

Víðáttumiklar fjörur og lindavötn í þessum landshluta haldast að jafnaði auð. Mestu fjörusvæðin eru á Miðnesi og Innnesjum. Vetrarstöðvar álfta með sjónum eru einkum Ósabotnar, fjörur og tjarnir á Garðskaga og Álftanesi, svo og Straumsvík (1. mynd). Einnig eru álfir að jafnaði á vatnasvæði Elliðavatns og sjást víða á öðrum vötnum þegar tíð er góð. Á síðustu árum hafa álfir haldið sig á Reykjavíkurtjörn allan veturinn.

Að meðaltali höfðu rúmlega 140 álfir vetursetu á Suðurkjálkanum (Tafla 2). Heildarfjöldinn og fjöldinn á einstökum stöðum var mjög breytilegur milli ára (2. mynd). Virðist líklegt að tilflutningur milli staða skipti hér miklu máli. Á

Tafla 2. Fjöldi álfta í jólatalningum á Suðvesturlandi 1975-84.

	desember	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984
Svæði											
Grindavík V		0	0	0	0	0	5	6	—	6	0
Ósabotnar		0	2	0	26	9	33	25	24	11	15
Hvalsnes- Sandgerði		13	7	9	3	17	9	17	12	18	11
Sandgerði- Garður		36	25	35	30	25	20	28	28	41	36
Garður-Keflavík		—	11	—	14	4	—	—	21	—	—
Keflavík- Vogastapi		0	0	0	—	0	0	0	0	0	5
Vogastapi- Kálfatjörn		0	0	0	4	4	18	—	29	—	10
Kúagerði- Straumur		0	0	0	6	2	13	4	6	4	—
Straumur- Hvaleyri		28	0	0	34	9	68	14	36	29	—
Hvaleyri-Hlíð		0	0	16	3	0	0	—	26	4	11
Hlíð-Kópavogur		0	23	40	4	3	0	—	0	0	0
Seltjarnarnes		0	0	0	0	0	0	29	0	0	2
Reykjavíkurtjörn		0	15	0	0	0	7	26	41	53	51
Ellidavatn og nágr.		10	—	—	2	—	—	3	—	—	16
Alls (lágmtala)	(87)	(83)	(100)	(126)	(73)	(173)	(152)	(223)	(166)	(157)	
Áætlað alls	99	90	119	126	80	191	155	234	198	197	

— ekki talið

Miðnesi (Ósabotnar, Sandgerði, Garðskagi) fjölgaði álfum á tímabilinu 1960-80. Í Straumsvík varð aukning eftir 1970, en síðustu tvö árin hefur álfum fækkað þar, e.t.v. vegna umsvifa fiskeldismanna. Á Álfanesi hefur orðið fækkun. Upp úr 1980 tók álfum að fjölga mjög á Reykjavíkurtjörn að vetrinum.


Heimildir eru fátæklegar um vetursetu álfar á þessum slóðum fyrr á tímum. Þó segir Sveinn Pálsson (1945) að 22. október 1791 hafi í fyrsta sinn heyrst til álfta á Lambhúsatjörn á Álfanesi. Segir hann að álfir dveljist að sumrinu inni í landinu þar sem þær verpi, en séu mestallan veturinn á sjávarvogum og

vikum sunnanlands. Benedikt Gröndal (1886) getur þess að hann hafi séð 27 álfir 25. febrúar 1886 á ísilögðum vogi nærri Reykjavík.

Vesturland

Á Vesturlandi er lítið um vötn sem haldast auð allan veturinn. Helstu eyðurnar eru á vatnasvæðum Langár, Hítarár og Haffjarðarár, Reykjadalssá og lindavötn við Húsafell. Við Faxaflóa og Breiðafjörð eru víðáttumiklar fjörur og grunnar sjávarvíkur, en þær leggur flestar yfir kaldasta tímann og eru því ótryggar til vetursetu.

Sennilega höfðu að jafnaði 50-100 álfir vetursetu á Vesturlandi 1973-83



2.mynd. Breytingar á fjölda álfatar um jóla-
leytið á nokkrum stöðum suðvestanlands
1958-83. — *Changes in the numbers of Cygnus
cygnus in selected localities in SW-Iceland
in December 1958-83.*

(Tafla 3), aðallega á utanverðum Mýr-
um, frá Straumfirði að Hjörsey, og einn-
ig nærri Ökrum. Fáeinir álfir hafa sést
meðfram ströndinni í Staðarsveit, í
Blautós á Skipaskaga, og við Hvamms-
fjörð. Á Hítará og Haffjarðará er og
nokkuð af álfir allan veturinn og álfir
hafa sést að vetri til á Kothraunsvatni
við Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi.

Fuglatalningar hafa farið fram um
jólaleytið í Stykkishólmi 1958-64 og aft-
ur frá 1971. Fyrra tímabilið sáust álfir
nærri því á hverjum vetri: 1959: 4, 1960:
20, 1961: 5, 1962: 17, 1963: 27 og 1964:
22. Frá 1971 hafa álfir aðeins sést einu
sinni í jölatalningu, 4 árið 1977. Að sögn
Trausta Tryggvasonar eru yfirleitt 80-
120 álfir á Nesvogi frá því á haustin þar
til voginn leggur í desember. Þá hverfa
þær, en verður aftur vart í lok febrúar.

Við á heimildum er getið um vetur-
setu álfar vestanlands og virðist sem
fjöldi þeirra kunni að hafa verið meiri
áður fyrr. Þorvaldur Thoroddsen (1916-
17) getur um stórfelli á álfir á Vesturlandi
í vetrarhörkum á 17. og 18. öld. Bjarni
Sæmundsson (1936) talar um að álfir
hafi vetursetu á „grunnum marhálmsrík-
um fjörðum, víkum og vogum, ósum og

Tafla 3. Fjöldi álfar á Vesturlandi í janúar-mars.

	Dags.	1973 21.1.	1977 8.2.	1983 9.3.
Svæði				
Blautós		0	0	2
Álfarós og nágr.		28	0	43
Vogur-Akraós		0	20	13
Staðarsveit (Traðir-Garður)		4	—	11
Hítará-Haffjarðará		—	17	—
Bjarnarhöfn		—	—	2
Hvammsfjörður		—	—	7
Alls (lágmarkstala)		(32)	(37)	(78)
Alls, áætlaður fjöldi		58	53	95

— ekki talið

flæðitjörnum, einkum á Suðvestur- og Vesturlandi“. Magnús Björnsson (1939) tekur undir þessa skoðun og Finnur Guðmundsson (í Bannerman 1957) segir þúsundir álftra dveljast vetrarlangt við sjóinn hérlendis.

Einu upplýsingarnar um vetrarálftrir á Vesturlandi fyrr á tímum, sem rekja má til beinna athugana, eru frá Ásgeiri Bjarnasyni (f. 1853, d. 1943), en lengi bjó í Knarrarnesi á Mýrum: Ásgeir Bjarnason (1938) segir m.a.:²

„Ef tíðarfar leyfði, héldu álftrir sig alla vetur á sama stað, þar til ísa leysti af vötnum á vorin. Þá hurfu þær algerlega burt. Þegar langvinn frost voru og mikil ísálög, þá lentu þessir fuglar í seltu og annaðhvort flýðu alveg burt eða héldu sig á straumvökum meðan kostur var. Ef hungurtíminn stóð ekki lengur en hálfan mánuð í einu, kom þetta vanalega ekki að sök, en ef sveltan varð lengri, fór að bera á horfelli og eftir því meir, sem lengra leið. Í mínu minni hafa tveir vetur verið stórfelldastir í þessu efni, 1859, sem líka fékk nafnið „Álftabani“, og svo hinn langvinni frostavetur 1881. Það mun hafa verið svipaður stórfellir á álftrum báða þessa vetur. Þess utan hafa verið nokkrir vetur, sem hafa valdið nokkrum hordauða þessara fugla vegna ísalaga, en ekki í líkingu við þá áðurtöldu... Nú er mér sagt að á þeim árum, sem af eru fjórða tug aldarinnar hafi fuglategundir þær, sem aðallega lifðu á marhálmi, algerlega horfið af þessu svæði og síðustu tvo vetur, sem álftrir komu, horféllu þær í blíðuvetrum...“

Hörring (dagbók 1905) ritar eftir Ásgeiri Bjarnasyni að álftrir séu við Knarrarnes frá lokum október fram í byrjun maí.

Nokkrar heimildir eru um vetursetu við Breiðafjörð áður fyrr. Englendingur að nafni Metcalfe (1861:268) hefur það eftir prestinum í Garpsdal að álftrir séu á Gilsfirði til septemberloka, en þá hverfi þær. Nokkrar fari til útlanda, en þó hafi margar vetursetu vestur í Álftafirði. Einum eða tveimur vetrum áður gerði slíkt hörkufrost að margar álftrir drápust. Nielsen (handrit um 1890) ritar eftir heimamönnum að álftrir séu allalgengir staðfuglar á Snæfellsnesi, m.a. í Eyrarsveit og við Stykkishólm.

Að sögn fylgdarmanns Hörrings (dagbók 1908) voru álftrir í stórum hópum á veturna í Hofsstaðavogi við Stykkishólm. Þá segir í dagbók Hörrings að mikið af álftri hafi vetursetu við innanverðan Breiðafjörð, s.s. í Hofsstaðavogi, Álftafirði, Hvammsfirði, Gilsfirði og á mörgum öðrum stöðum. Álftrirnar komi á þessa staði jafnskjótt og ísa leysti, en þær leiti út á sundin milli eyjanna þegar vogana leggur.

Í bréfi til Finns Guðmundssonar 1940 segir Bergsveinn Skúlason sem þá bjó í Múla á Skálmarnesi:

„... Álftrir eru hér allan veturinn og drepst strax og eitthvað harðnar að, enda virðist hún eiga við óhæg lífsskilyrði að búa síðan að marhálmi hvarf. Vetur eru nú hver af öðrum óvanalega hlýir og hefir það málmaskeið einhver truflandi áhrif á fuglalífð.“

Jón Bogason í Flatey sagði Finni Guðmundssyni 1942 að álftrir kæmu hér um bil á hverjum vetri þegar hart væri. Í Efri Langey sást álftri stöku sinnum á veturna (Sigurður Sveinbjörnsson skv. F. Guðm., dagbók 1942).

Vestfirðir

Á Vestfirðum er lítið um lindavötn og grunnsævisvæði eru lítil um sig og leggur yfirleitt. Við höfum ekki kannað þennan landshluta að vetrinum.

Milli 1930 og 1940 voru álftrir í Rauðasandshreppi á veturna (Halldór og Einar T. Guðbjartssynir, bréf til Finns Guðmundssonar 1935, 1936, 1937). Þær sáust t.d. í Kollsvík af og til veturna 1934-35 og 1936-37. Í frostum veturinn 1935-36 féllu 15-20 álftrir úr hor í Kollsvík og nærsveitum. Að sögn Egils Ólafssonar haustið 1985 eru fácinar (allt að 5-6) álftrir í Örlygshöfn á veturna. Halda þær sig við kaldavermsl og á vökum sem sjórinn brýtur.

Annars staðar á Vestfjarðakjálkanum eru aðeins örfá tilvik skráð. Álftrir voru sagðar sjást stöku sinnum í Steingrímsfirði á veturna (Nielsen handrit um 1890). Sjö álftrir héldu til veturinn 1934-

Tafla 4. Fjöldi álfra í Þingeyjarsýslum í janúar-mars.

	1976	1977	1979	1982	1982	1983	1985
Dags.	16.- 18.1.	19.- 24.1.	16.- 20.1.	20.- 24.1.	22.- 27.3.	9.- 10.3.	20.1. -1.3.
Svæði							
Mývatn og Laxá							
Austurvakir*	78	106	45	64	194	64	78
Laxá við Mývatn**	74	63	143	165	26	169	148
Laxárdalur	0	14	2	0	0	—	32
Aðaldalur	3	7	17	2	3	—	34
Alls	155	190	207	231	223	233+	292
Kelduhverfi	—	25	9+	—	—	—	11
Öxarfjörður	—*	—	—	—	—	—	9
Samtals		215+					312

* Austurvakir Mývatns, þ.e. á Ytriflóa og Bolum, svo og Grænavatn.

** Álar, Breiða og Laxá að Hofstöðum.

35 í innanverðu Ísafjarðardjúpi (Aðalsteinn Jóhannsson, bréf til F. Guðm. 1935). Tvær álfir sáust í Æðey í desember 1962 (Helgi Þórarinnsson, talningar-skýrsla).

Norðurland vestra

Á svæðinu frá Vestfjörðum austur fyrir Eyjafjörð eru varla neins staðar skilyrði fyrir álfir í vetrarhörkum. Engar álfir sáust á svæðinu frá Skagafirði í Hrútafjörð í yfirlitsflugi 9. mars 1983.

Í Miðfirði í Húnavatnssýslu sáust álfir á veturna þegar tíð var góð. Hinn 7. og 8. mars 1928 komu álfir að norðan og flugu suður heiðar, og á þorra 1929 voru álfir stöðugt á flugi í grennd við Hvammstanga (Diomedes Davíðsson 1932). Jónas Hallgrímsson (1936) hafði það eftir G.G. nokkrum kringum 1840 að stöku álfir væru fram eftir vetri á Norðurlandi, m.a. í Vatnsdal.

Norðurland eystra

Í Þingeyjarsýslum eru stór lindavötn sem ekki leggur og eru þar álfir á vet-

urna. Helstu staðirnir eru Mývatn, Laxá ofanverð, Daufhýlur í Aðaldal, Arnaneslón og Stórá í Kelduhverfi. Stórar vakir eru á Lóni og hinu nýmyndaða (1976) Skjálftavatni í Kelduhverfi, en álfir eru þar lítið á vetrum. Auk þess eru víða minni eyður þar sem álfir sjást stundum.

Í Þingeyjarsýslum voru a.m.k. 215 álfir í janúar 1977, flestar í Mývatnssveit, eða 169, næst kom Arnaneslón með 25, í Laxárdal fundust 14 og í Aðaldal 7. Í janúar-mars 1985 fundust alls 312 álfir í Þingeyjarsýslum, en líklega hefur fjöldinn verið lítið eitt meiri því að tíð var mild og fuglarnir dreifðir. Enn var mest í Mývatnssveit, 226, en einnig var mikið af ált niður með Laxá (Tafla 4).

Hlutfall unga hefur verið athugað fjögur haust á Mývatnssvæðinu og borið saman við aldurshlutfallið um veturinn (Tafla 5). Í þrjú skipti hækkaði hlutfallið (breytingin var þó ekki tölfraðilega marktæk), og gæti það stafað af því að fjölskyldur með unga fóru síður en unga-

Tafla 5. Aldurshlutföll álfata á Mývatni og Laxá um haust og síðar sama vetur.

	HAUST		VETUR	
	dags.	% unga (n)	dags.	% unga (n)
1976-7	12.-15.11.	19,6 (433)	19.-23.1.	34,4 (96)
1978-9	11.-13.10.	16,9 (969)	16.-19.1.	4,5 (197)
1982-3	9.10.	17,3 (636)	9.-10.3.	25,2 (202)
1984-5	30.9.	20,7 (334)	20.-25.1.	33,3 (276)

lausar álfir. Veturinn 1978-79 lækkaði hlutfall unga úr 17% í október niður í 4% í janúar og er ekki ljóst hvað olli því.

Álfir hafa löngum haft vetrardvöl á Mývatni og ofanverðri Laxá og virðist fjöldinn hafa verið svipaður og nú. Hörring (dagbók 1907) segir að þær séu algengar á Mývatni á veturna, og séu um 200 talsins. Veturinn 1906-7 var að sögn mjög harður og drápust þá margar álfir eða urðu máttfarnar af hungri. Grímsstaðabræður, Jóhannes og Ragnar Sigfinnssynir, sögðu Finni Guðmundssyni 1941 að fjöldi álfata á vatninu skipti mörgum hundruðum. Eitthvað af álf fella í flestum árum, enda væri mun meira af henni en áður. Kear (1964) hefur það eftir heimamönnum að 100-200 álfir hafi vetrardvöl á Mývatni. Sven-Axel Bengtson (talningarskýrsla) taldi 291 álf á Mývatni og Laxá í Mývatnssveit 27. desember 1968.

Í Bárðardal er lítið um álfir á veturna og eru þær tæplega árvissar. Fáeinir álfir hafa sést að vetrarlagi á Skjálfafljóti hjá Stóru-Völlum og á Svartárvatni (Sverrir Thorstensen). Við Víðiker dvöldu álfir vetrarlangt 1934-35 (Kári Tryggvason, bréf til F. Guðm.). Hinn 20. febrúar 1984 var álfarpar með unga við Einbúa í Bárðardal (Ólafur K. Nielsen).

Kelduhverfi var kannað 24. janúar 1977, en þá sáu 25 álfir, allar á Arnaneslóni, og 1. mars 1985 en þann dag sáu 11 álfir á dreif: 2 á Arnaneslóni, 2 á Stórá og 5 við Hól. Á Lóni í Keldu-

hverfi sáu auk þess 9 álfir 20. janúar 1979. Að sögn Jóhanns Gunnarssonar er fjöldi álfata á Arnaneslóni og Stórá um miðjan vetur breytilegur, stundum innan við 10 og allt að 20-30, og hefur þetta haldist svipað a.m.k. frá 1950.

Heimildir eru um vetursetu álfata í Kelduhverfi fyrrum (Hörring dagbók 1906, Björn Guðmundsson 1934). Árið 1935 ritar Björn Guðmundsson (bréf til F. Guðm.) að álfum fjölgi sífellt og nokkrar hafi fallið úr hor um vorið.

Í Presthólahrauni sunnan Kópaskers eru nokkur lindavötn sem haldast auð, en álfir hafa þar yfirleitt ekki vetrardvöl (Brynjólfur Sigurðsson munnl. 1983). Mildu veturna 1983-84 og 1984-85 sáu þó nokkrar álfir á þessum slóðum. Um 20. febrúar 1984 var 1 álf við Katastaði og 5 á Núpsmýrum (Ólafur K. Nielsen) og 1. mars 1985 var 1 við Katastaði, 4 nærri Presthólum og 4 á Núpsmýrum.

Á norðan- og austanverðri Melrakka-slétu leggur öll vötn og lón, nema Blikalón sem er ísalt og helst mikið til autt. Álfir hafa þó ekki sést þar að vetrarlagi undanfarin ár, en svæðið var kannað í febrúar 1984 og 1985. Eitthvað af álf hélt til vetrarlangt á þessum slóðum á árunum 1920-50. Steindór Steindórsson (handrit 1935) hefur það eftir heimamönnum að mikið af álf sé á Melrakka-slétu á veturnum og falli þá nokkuð. Brynjólfur Sigurðsson sagði (1983) álfir hafa verið flesta hlýja vetur 1930-50 við Blikalón, venjulega fáar, og aldrei fleiri en 10.

Tafla 6. Fjöldi álfra á Suðausturlandi í febrúar-mars.

	Dags.	1977 2.2.	1982 18.3.	1985 15.-16.3.
Svæði				
Lón		0	39	460
Hornafjörður: Nes		0	20	41
Hornafjörður: Mýrar		0	0	16
Alls		0	59	517

Austurland

Engar vetrarstöðvar álfra eru kunnar frá Melrakkaslétta suður í Berufjörð. Þó sáust 3 fuglar á Seyðisfirði um jólin 1972 og voru þeir sagðir vera mannvánir (Valgeir Sigurðsson, talningarskýrsla).

Sunnan Berufjarðar eru stór, ísölt og grunn sjávarlón, m.a. Álfafjörður, Lón og Skarðsfjörður. Botngróður er mikill í Lóni og Álfafirði. Þessi lón leggur meir eða minna að vetrinum. Helstu staðirnir þar sem ekki leggur eru norðurhluti Álfafjarðar, ytri hluti Lónsfjarðar og nokkurt svæði við Höfn í Hornafirði.

Svæðið sunnan Berufjarðar hefur verið kannað þrisvar (Tafla 6), 2. febrúar 1977 og 18. mars 1982 úr lofti, og 15.-17. mars 1985 af landi. Engin álfir fannst í fyrsta yfirlitsfluginu, en 18. mars 1982 voru 39 austan til á Lónsfirði og 20 á vötnum í Nesjum í Hornafirði. Að sögn Björns Arnarsonar voru um 30 álfir í Lóni um miðjan febrúar 1982 og 17. mars 1982 voru álfir nýkomnar í Hornafjörð.

Óvenjumikið bar á álfir á Suðausturlandi milda veturinn 1984-85. Álfir sáust í Álfafirði og Hamarsfirði um mánaðamótin janúar-febrúar 1985 (Ingimar Sveinsson, munnl.) og um 10. mars 1985 sáust 7 álfir á flugi við Djúpavog (Eyjólfur Guðjónsson, munnl.). Hinn 26. nóvember 1984 voru enn 524 álfir á Lónsfirði, og 19. desember voru þær 441 (Páll Leifsson). Mörg hundruð álfir sáust í janúar og fram í marsbyrjun 1985

(Friðrik Jónsson). Hinn 16. mars 1985 voru taldar 460 álfir í Lóni, þar af voru 450 á tveimur vökum á Lónsfirði, undan Svínholum og Hvalnesi.

Veturinn 1984-85 sáust álfir öðru hverju í Nesjum í Hornafirði, m.a. 15-20 í kartöflugarði við Miðsker (Sigurður Sigurbergsson). Í byrjun mars 1985 varð vart við álfir á Mýrum og var það óvenju snemmt (Páll Ingvarsson). Nes, Mýrar og Suðursveit voru könnuð 15.-17. mars 1985. Flest vötn voru á ísi, þó voru sums staðar auðir lækir, og smávakir voru á Pveit í Nesjum og Baulutjörn á Mýrum. Í Nesjum fannst alls 41 álfir, þar af voru 35 neðan við Árnanes, og á Mýrum voru 16 álfir á nokkrum stöðum, m.a. 8 í grennd við Flatey.

Álfir hafa sést áður að vetrarlagi í Álfafirði, en aðeins fáir fuglar (Friðrik Jónsson, munnl.). Heimamenn tjáðu Kear (1964) að nokkrar álfir hefðu vetrardvöl í Lóni. Að sögn Friðriks Jónssonar í Hraunkoti (1983) halda nokkrar álfir (í mesta lagi 15-20) venjulega til á Lóninu allan veturinn, og virðist vera flókt á þeim. Veturinn 1982-83 voru t.d. 2 ungar fram eftir öllu, og sást annar þeirra um 20. febrúar.

Í Hornafirði hafa álfir sést stöku sinnum undanfarna vetur, t.d. var stakur fugl við kaldavermsl undir Almanna-skarði 10. janúar 1980 (Páll Leifsson). Kringum 1935 virðist talsvert hafa verið af álfir allan veturinn í Hornafirði, og var talið að henni færi fjölgandi þar (Bene-

dikt Sigurðsson og Eymundur Björnsson í bréfum til F. Guðm.).

Álftir sjást yfirleitt ekki í Örafum á veturna (Hálfán Björnsson). Stakar álftir sáust á Kvískerjum seint í desember 1975 og 1976, og var önnur þeirra mjög ræfilsleg.

Hlutfall unga

Hlutfall unga var að meðaltali um 23% (Tafla 7). Það er breytilegt milli vetra og ræðst sennilega mest af afkomu varps sumarið á undan. Lægst var hlutfallið um 12% veturinn 1975-6, en það var um 30% 1976-7 og 1984-5. Sennilega eru hlutfallslega fleiri ungar meðal þeirra álfta sem dveljast hér á landi allan veturinn en eru í stofninum í heild. Þó er eftir að kanna betur aldurshlutföll á Bretlandi til samanburðar. Hlutfall unga á Bretlandseyjum veturinn 1982-3 var mjög nálægt því sem áætlað var fyrir allan íslenska stofninn í október 1982, eða kringum 18% (AG og KHS 1984). Hins vegar var ungahlutfallið um 25% á Íslandi í janúar-mars 1983 (Tafla 7).

Niðurlag


Útbreiðsla álftar á veturna (3. mynd) ákvarðast af líffsskilyrðum á þeim tímum

sem harðast er í ári. Þannig eru álftir allan veturinn á helstu lindasvæðum landsins, bæði á Norðausturlandi og Suðurlandi, og með sjónum á suðvestanverðu landinu, þar sem aðgrunnt er og sjaldan leggur. Í mildri tíð dreifast álftirnar út frá þessum öruggu svæðum um grunn vötn, votlendi og jafnvel ræktað land.

Fjöldi þeirra álfta sem höfðu vetursetu hér á landi var allbreytilegur á athugunartímabilinu. Á árunum 1976-1979 var heildarfjöldinn sennilega ekki mikið yfir 500, kringum 1982-1983 var hann kominn í allt að 800, og 1985 var fjöldinn um 1300. Ekkert bendir til þess að íslenski álftarstofninn hafi aukist á árunum 1976-1985 og verður að líta á fjölgun vetrarfugla sem svörun við breyttum líffsskilyrðum. Á Suðurlandi er tæplega um aukningu að ræða þessum árum, en þar byggist veturseta álfta aðallega á lindavötnum. Á Norðausturlandi var fjöldinn einnig stöðugur, enda þótt fyrsta árið, 1976, skeri sig úr með aðeins 170 fugla og 1985 hafi fjöldinn náð hámarki, yfir 300. Á suðvestanverðu landinu, þar sem vetursetan byggist á grunnsævi og fjörum, tvöfaldaðist fjöldi álfta 1975-1984. Ekki er hægt að merkja að vetur hafi farið hlýnandi á

Tafla 7. Hlutföll álftarunga að vetrarlagi (aðallega í janúar-mars).

		1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
S- og V-land	%	11,6	26,1	25,7	28,4	19,3	27,9	23,7	25,2	18,3	21,5
	(n)	(147)	(142)	(167)	(194)	(114)	(140)	(160)	(270)	(115)	(223)
NA-land	%	12,3	33,9	—	6,3	—	—	24,3	25,2	—	34,1
	(n)	(155)	(109)		(206)			(222)	(202)		(296)
SA-land	%	—	—	—	—	—	—	17,6	—	—	32,3
	(n)							(17)			(501)
Samtals	%	11,9	29,5	25,7	17,0	19,3	27,9	23,8	25,2	18,3	30,8
	(n)	(302)	(251)	(167)	(400)	(114)	(140)	(399)	(472)	(115)	(1020)



3.mynd. Útbreiðsla og fjöldi álfatar að vetrarlagi. Helstu vetrarvakir eru auðkenndar. Svörtu táknin sýna staði þar sem álfatir höfðu vetursetu á árunum upp úr 1980. Lón og Hornafjörður eru auðkennd sérstaklega með skálínum, en þar jókst fjöldinn mjög mikið á athugunartímanum. — The distribution and abundance of *Cygnus cygnus* in winter in Iceland. Numbers at the localities indicated with diagonally hatched symbols increased markedly during the observation period.

þessu tímabili (Veðráttan 1975-84). Á Suðausturlandi varð gerbreying á vetursetu álfatar 1984-5 og liggur beint við að ætla að þar ráði tíðarfar mestu.

Veturinn 1984-5, sem var óvenjumildur (Veðráttan 1985), brá svo við að um 500 álfatir voru allan veturinn á Lóni og nokkrum öðrum stöðum suðausturlands þar sem aðeins saúst fáeinir fuglar árin á undan. Annars staðar á landinu varð ekki vart umtalsverðrar aukningar, en þess ber að gæta að vötn voru víða auð á láglendi og álfatirnar kunna því að hafa verið dreifðari en venjulega. Þessi umskipti á Suðausturlandi gefa hugmynd um hvernig álfatir kunna að hafa brugðist við í mildum vetrum fyrr á öldinni. Athuganir við Stykkishólm benda til þess að tíðarfar ráði miklu um það

hvort álfatir haldast við allan veturinn. Gera má ráð fyrir því að á hlýju árunum, frá 1920 fram yfir 1960, hafi mun stærri hluti stofnsins verið hér við sjávarsíðuna allan veturinn en nú hin síðari ár.

Þær takmörkuðu heimildir sem til eru um vetrarálfatir fyrr á tímum benda til þess að víða hafi veturseta álfatar verið með sama hætti og nú. Við Faxaflóa og Breiðafjörð virðist þó sem fjöldinn hafi verið meiri áður fyrr, eða e.t.v. fram undir 1940, og það einnig í köldum vetrum. Á árunum eftir 1930 hvarf marhálmur *Zostera marina* víða við Faxaflóa og Breiðafjörð af völdum sjúkdóms (Árni Friðriksson 1936, Ásgeir Bjarnason 1938). Telja verður líklegt að hvarf marhálmsins hafi haft þau áhrif að lífskilyrði álfatar versnuðu til muna vestan-

lands. Þetta hefur sennilega orðið til þess að fuglarnir leituðu meira út úr landinu til vetrardvalar.

ÞAKKIR

Margir hafa liðsinnt okkur í þessari athugun. Sérstakar þakkir fyrir aðstoð við öflun gagna viljum við færa þeim Árna Einarssyni, Birni Arnarsyni, Agli Ólafssyni, Einari Þorleifssyni, Erling Ólafssyni, Erpi Snæ Hansen, Friðriki Jónssyni, Guðmundi A. Guðmundssyni, Hálfðani Björnsyni, Jóhanni Gunnarssyni, Jóhanni Óla Hilmarsyni, Jóni S. Ólafssyni, Kristjáni Lilliendahl, Ólafi K. Nielsen, Páli Leifssyni, Skarphéðni Þórissyni, Sverri Thorstensen, Trausta Tryggvasyni, Úlfari Henningssyni, Vigfúsi Jóhannssyni og Ævari Petersen.

HEIMILDIR

- Árni Friðriksson 1936. Marhálmurinn. Náttúrufræðingurinn 6: 40-49.
- Arnþór Garðarsson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1984. A census of the Icelandic Whooper Swan population. Wildfowl 35: 37-47.
- Ásgeir Bjarnason 1938. Annálar Mýramanna. Veiðiskapur og hlunnindi. Bls. 108-134 í Héraðssaga Borgarfjarðar 2. bindi. Reykjavík.
- Bannerman, D. A. 1957. The birds of the British Isles. Vol. 6. London.
- Benedikt Gröndal 1886. Verzeichniss der bisher in Island beobachteten Vögel (1886). Ornith. 2: 355-374.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík.
- Bjarnfréður Ingimundarson 1930. Fuglalíf austan Eldvatns. Bls. 133-137 í Björn O. Björnsson (útg.) Vestur-Skaftafellssýsla og íbúar hennar. Reykjavík.
- Björn Guðmundsson 1934. Skýrsla um komudaga farfugla að Lóni í Kelduhverfi árin 1907-1914. Náttúrufræðingurinn 4: 149-150.
- Diomedes Davíðsson 1932. Fuglalíf á Vatnsnesi. Náttúrufræðingurinn 2: 159-160.
- Faber, F. 1822. Prodomus der isländischen Ornithologie. Kopenhagen.
- Hálfðán Björnsson 1976. Fuglalíf í Örafum. Náttúrufræðingurinn 46: 56-104.
- Jónas Hallgrímsson 1936. Ornithologiske bemærkninger til Prodomus der isländischen Ornithologie von Friedrich Faber, Kopenhagen, 1822. Bls. 71-76 í Rit V. Reykjavík.
- Kear, J. 1964. The changing status of the Greylag Goose and the Whooper Swan on agricultural land in Iceland. The Wildfowl Trust, fjölrituð skýrsla: 17 bls.

- Magnús Björnsson 1939. Fuglabók Ferðafélags Íslands. Árbók F.Í. 1939. Reykjavík.
- Metcalf, F. 1861. The Oxonian in Iceland. London.
- Sveinn Pálsson 1945. Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Reykjavík.
- Veðráttan. 1975-1985. Reykjavík.
- Þorsteinn Einarsson 1937. Fuglar séðir í Vestmannaeyjum veturinn 1937. Náttúrufræðingurinn 7: 101-103.
- Þorvaldur Þoroddsen 1916-1917. Árferði á Íslandi í þúsund ár. Kaupmannahöfn.

SUMMARY

The wintering of Whooper Swans *Cygnus cygnus* in Iceland

In this paper we describe the distribution, numbers and age composition of *Cygnus cygnus* wintering in Iceland. Distribution in winter (Fig. 3) is determined by conditions during the coldest periods. Whooper Swans winter regularly on spring-fed freshwaters, both in the northeast and the south, and on shallow coastal waters of the southwest where ice seldom forms. In mild weather the swans disperse from these safe areas to shallow freshwaters, marshes and sometimes cultivated land.

In 1976-1979 total numbers wintering in Iceland were probably not much over 500, about 1982-1983 they were 700-800, and in winter 1984-5 about 1300. Numbers wintering on the west and southwest coasts doubled in the period 1976-1985, numbers on inland waters in the south and northeast were probably stable. Numbers wintering in the southeast, mainly on the brackish lagoon Lón, were very low until 1984-5 when they rose suddenly to over 500, presumably in response to mild winter weather.

The proportion of young amongst Whoopers wintering in Iceland averaged about 23% in 1976-1985, varying between 12 and 31% (Table 7). It is suggested that resident birds include a higher proportion of young families than the migrants.

The available evidence suggests that in the past wintering in Iceland was on a similar scale as now, except along the west and southwest coasts where numbers were probably considerably higher than now. The main decrease of wintering swans took place in the 1930s and resulted from a decrease in *Zostera marina*.

- Arnþór Garðarsson, Líffræðistofnun húskólans, Grensávegi 12, 108 Reykjavík.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Nýjungar um flækingsfugla á Íslandi

Á síðastliðnum 45 árum hafa að jafnaði sést á Íslandi 3-4 tegundir fugla sem ekki hafa sést hér áður. Er nú vitað um rúmlega 300 tegundir sem fundist hafa hérlandis í eitt eða fleiri skipti (Ævar Petersen 1984). Nokkrum þeirra nýju tegunda sem sést hafa síðustu árin hefur verið gerð grein fyrir á prenti (sbr. Martin 1981, Arnþór Garðarsson 1983, Erling Ólafsson 1983, Ólaf K. Nielsen 1983, Hálf dán Björnsson 1983). Enn eru þó nokkrar tegundir sem ekki hafa hlotið slíka umfjöllun, þótt sumra sé getið í ársskýrslum um flækingsfugla (Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1980, 1982, 1983, Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1984).

Hér er fjallað um 7 nýjar íslenskar tegundir frá árunum 1980 til 1985. Þær eru: Rauðhegri *Ardea purpurea*, roðaflæmingi *Phoenicopiterus chilensis*, kvöldfálki *Falco vespertinus*, vaðfæla *Micropalama himantopus*, alpasvölungur *Apus melba*, gullsóti *Xanthocephalus xanthocephalus* og grænskrikja *Dendroica virens*. Að auki er greint frá nýrri deilitegund fjallváks *Buteo lagopus sanctijohannis*, en aðrar deilitegundir þessarar tegundar hafi sést á Íslandi áður.

Almennar upplýsingar um lífnaðarhætti tegundanna eru fengnar úr safnverkinu „Birds of the Western Palearctic“ (Cramp & Simmons 1977-1983, Cramp 1985), nema annað sé tekið fram. Til hagræðis er íslensku athuganirnar settar fram á staðlaðan hátt, m.a. til þess, að óþarfi sé að endurtaka upplýsingarnar í enska útdrættinum. Fullorðinn fugl er táknadur með *ad*, en ungur fugl með *imm*.

Rauðhegri

Árið 1983 sást og náðist stór hegri á Melrakkaslétu, og kom síðar í ljós að um rauðhegra var að ræða. Upplýsingar um fuglinn eru sem hér segir:

Kópasker, Melrakkaslétu, N-Þing, 5. október 1983, ♂ imm (RM 8146), Guðmundur Baldursson. Fuglinn var veginn um mánuði síðar og reyndist þá 845 g.

Í koki og fóarni fuglsins voru mörg heil hornsflí *Gasterosteus aculeatus* svo og leifar þeirra, og var það eina fæðutegundin sem fannst í fuglinum.

Rauðhegri er, eins og nafnið bendir til, af hegreaætt (Ardeidae) og náskyldur gráhegra *Ardea cinerea*, sem er algengur vetrargestur hérlandis (Bjarni Sæmundsson 1936). Rauðhegri er nokkru minni en gráhegri, eða 78-90 cm á lengd. Að lit er fuglinn áberandi rauðbrúnn á baki, aftan á hálsi og á kolli. Framháls er rákóttur, en þar og á bringu er fuglinn ljósari en á baki. Hand- og armflugfjaðrir eru dökkgráar, einnig stél.

Útbreiðsla rauðhegrans er mjög slitrótt í V-Evrópu. Nyrstu varpstöðvar hans þar eru í Niðurlöndum. Samfelldari útbreiðsla er frá SA-Evrópu, austur um Indland, til Indónesíu og Kóreu. Tegundin verpur einnig í sunnanverðri Afríku.

Meginþorri evrópskra rauðhegra flýgur á veturna til Afríku suður fyrir Sahara-eyðimörkina. Þangað hverfa þeir aðallega á tímabilinu ágúst-október en leita til baka til norðurs í mars-maí.

Rauðhegrar hafa nást sem flækingar í öllum nágrannalöndum okkar, þ.m.t. Færeyjar og Norðurlönd. Í Bretlandi eru þeir nær árlegir gestir og er álitð, að


þeir komi einkum frá Hollandi. Sjást þeir þar aðallega í seinni hluta apríl og í maí, þegar fuglarnir eru að leita aftur til varpstöðvanna (Sharrock & Sharrock 1976). Allengi hefur verið búist við því, að þessi tegund fyndist á Íslandi.

Roðaflæmingi

Fuglategund sú, sem hér er fjallað um, er af þeim flokki fugla sem nefndir hafa verið flamingóar. Lengi hefur verið deilt um skyldleika flamingóa innibyrðis, og er breytilegt hversu margar tegundir fuglafræðingar hafa talið til flæmingjaættarinnar (Phoenicopteridae). Sumir segja fjórar, aðrir fimm, en nú er helst hallast að því, að tegundirnar séu sex. Hafa menn deilt um, hvort ákveðnir stofnar skuli teljast sjálfstæð tegund eða

aðeins deilitegund (= undirtegund) annarrar tegundar.

Hvað sem öllum ágreiningi líður, eru a.m.k. sex gerðir flamingóa í heiminum. Aðeins ein þeirra verpur í Evrópu, og er það flæmingi (*Phoenicopterus ruber*). Hinar flamingótegundirnar höfðu til skamms tíma engin íslensk nöfn, þ.m.t. sú sem hér er fjallað um. Óskar Ingimarsson & Þorsteinn Thorarensen (1984) tóku þá stefnu að nota heiti evrópsku tegundarinnar, sem stofn að íslenskum heitum fyrir hinar tegundirnar, að viðbættum viðeigandi forskeytum. Þannig nefna þeir síleflæmingja þá tegund sem náðist hérlandis. Þetta heiti álit ég óheppilegt og legg til, að tegundin verði kölluð roðaflæmingi. Björn Blöndal (1954) getur þess, að hyrja sé



1.mynd. Roðaflæminginn úr A-Skaftafellssýslu ljósmyndaður uppstoppaður á Náttúrufræðistofnun Íslands. – *The Chilean Flamingo Phoenicopterus chilensis recorded in Iceland, here shown mounted at the Icelandic Museum of Natural History.* Ljósmynd. Evar Petersen.

gamalt, íslenskt nafn á flamingóa. Ég get ekki tekið mælt með, að það verði notað sem samheiti þessa fuglahóps.

Roðaflæminginn fannst hér á landi árið 1985:

Holtahólar á Mýrum, A-Skaft, 6. apríl 1985, ♂ ad (RM 8693), Guðmundur Bjarnason, Hálfán Björnsson & Sigurður Guðjónsson. Fuglinn var veginn 2 dögum síðar og vó þá 2850 g. Morgunblaðið, miðvikud. 10.4.1984.

Í maga fuglsins var lítil sem engin fæða, aðeins smávegis jurtakyns, fræ og jurtatrefjar, en mikið af steinum.

Eftir að fuglinn náðist, sást hverrar tegundar hann var. Hverfandi líkur eru á því, að roðaflæmingjar flækist alla leið frá heimkynnum sínum á vesturströnd S-Ameríku til Íslands. Þar að auki eru flestar flamingótegundirnar algengir fuglar í dýragörðum í Evrópu. Lifa þeir þar meira eða minna frjálsir og geta hæglega sloppið. Hér getur því aðeins verið um að ræða fugl sem hefur upphaflega sloppið úr haldi. Það er því lögð áhersla á, að roðaflæmingi er ekki raunverulegur flækingsfugl hérlandis, þótt fjallað sé um hann hér.

Eftir að fuglinn náðist fréttist af fugli sömu tegundar, er hafði haldið lengi til við Strathbeg-vatn í NA-Skotlandi. Var því leitað nánari fregna af þeim fugli. Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar úr bréfum frá Dr. C.J. Spray (dags. 24.4.1985) og J. Dunbar (dags. 26.7.1985), en sá síðarnefndi er landvörður á friðlandinu við Strathbeg-vatn.

Frá árinu 1974 (a.m.k.) sáust þrír roðaflæmingjar árlega að sumarlagi til ársins 1976. Um uppruna þeirra var ekkert vitað. Einn þessara fugla tók svo upp samfellda búsetu við vatnið frá og með árinu 1976. Hann var oftast í fylgd með álfnum *Cygnus cygnus*, en íslenskar álfir halda til við vatnið á veturna, eins og merkingar gefa vísbendingu um. Roðaflæminginn hélt sig hins vegar sjaldan með skoskum hnúðsvönum *Cygnus olor*, sem einnig dveljast í hópum við

Strathbeg. Eftir óslitna 9 ára dvöl við Strathbeg hvarf skoski roðaflæminginn um það leyti sem álfir voru að tygja sig til Íslands. Seinast sást hann 23. mars 1985, í álfthópi eins og fyrr. Fjórtán dögum síðar fannst roðaflæmingi í A-Skaftafellssýslu, og var sá einnig í álfthópi. Má því telja næsta öruggt, að um sama fugl hafi verið að ræða og haldið hafði til í Skotlandi í 9 ár. Á 1. mynd er sýndur roðaflæminginn úr A-Skaftafellssýslu uppstoppaður.

Fjallvákur

Fjallvákurinn er af haukaætt (*Accipitridae*) og útbreiddur varpfugl á norðlægum slóðum allt í kringum hnöttinn. Hér á landi er hann sjaldgæfur flækingsfugl.

Lýst hefur verið 4 deilitegundum fjallváks, þar af einni í N-Ameríku, *Buteo lagopus sanctijohannis*. Sú deilitegund verpur á svæðinu frá Alaska til Labrador, í SA-Quebec og á Nýfundnalandi (Cade 1955, Vaurie 1965).

Ameríku deilitegundarinnar virðist ekki hafa verið getið frá Evrópu, uns einn slíkur fugl fannst hér á landi:

Fagrahlíð í Fljótshlíð, Rang, 29.-30. apríl 1980, ♀ ad (RM 7463), Óskar Björgvins-son. Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson (1982). Þyngd 1080 g.

Fuglinn náðist lifandi 29. apríl, ataður grúti og illa haldinn. Líklegt er, að hann hafi verið að reyna að góma fyl *Fulmarus glacialis* en fengið á sig lýsisgusu. Í koki fuglsins var ógreinanlegt mauk, en jurtatrefjar í fóarni, sem c.t.v. voru komnar úr maga bráðar.

Fjallvákur eru afar breytilegir að lit, allt frá því að vera mjög ljósir til fugla sem eru nær aldökkir (Cade 1955). Dökkbrúnir fjallvákur eru einungis til í N-Ameríku, hvorki í Evrópu né Asíu (Blotzheim 1971), en vákurinn úr Fljótshlíðinni var einmitt þannig að lit (2. mynd). Hann er ákaflega líkur dekksta fuglinum sem sýndur er á 2. mynd (bls.

317) í grein eftir Cade (1955) um breytileika fjallváka í N-Ameríku. Lithimna fuglsins var rauðbrún, vaxhúð á nefi fagurgul, svo og fætur. Í Töflu 1 eru gefnar upp mælingar á íslenska fuglinum.

Tafla 1. Stærðarmælingar á ham norður-ameríska fjallváksins *Buteo lagopus sanctijohannis* sem náðist á Íslandi. Mælingarnar eru gerðar á sambærilegan hátt og í Cramp & Simmons (1980). – *Measurements of the study skin of the N-American Rough-legged Buzzard Buteo lagopus sanctijohannis caught in Iceland. The measurements are taken in the same way as those in Cramp & Simmons (1980).*

Vængur/wing length	424 mm
Stél/tail	237 mm
Nef/bill	23,8 mm
Rist/tarsus	73 mm
Miðtá/toe	40,6 mm
Miðkló/claw	16,6 mm



Kvöldfálki

Þetta er tegund af fálkaætt (Falconidae), svipaður smyrli *Falco columbarius* að stærð. Karlfluglar kvöldfálka eru nær einlitir, dökkgráir, nema þeir eru rauðbrúnir undir stélinu og fætur eru rauðir. Kvenfluglarnir eru með grátt, þverrákótt bak. Að framanverðu eru þeir rauðgulir en þó einkanlega á kolli og hnakka.

Kvöldfálkinn er varpfugl í A-Evrópu, en vestustu varpstöðvar hans þar eru í Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Frá Póllandi og Eystrasaltslöndunum er útbreiðslusvæðið samfelld austur um nyrðri hluta Mið-Asíu. Vetrarstöðvarnar eru á tiltölulega takmörkuðu svæði í Angóla, Botsvana og fleiri löndum S-Afríku.

Með óreglulegu árabili leita hópar kvöldfálka út fyrir venjuleg heimkynni sín. Þannig sáust t.d. margir kvöldfálkar í Danmörku (og e.t.v. fleiri V-Evrópulöndum) árið 1975 (Pedersen & Rasmussen 1978) og í Skandinavíu og NV-Evrópu árið 1979 (Waldenström o.fl. 1981). Hafa ferðalög sem þessi leitt til varps utan hefðbundinna varpsvæða.

2.mynd. Hamur n-ameríska fjallváksins sem fannst í Fljótshlíð. – *The N-American Rough-legged Buzzard Buteo lagopus sanctijohannis found in Iceland, prepared as study skin.* Ljós. Erling Ólafsson.

Kvöldfálkinn er tíður gestur á Bretlandseyjum, einkum í maí og júní, sjaldgæfari á haustin og þá einungis í september og október.

Á Íslandi hefur þessarar tegundar orðið vart tvisvar sinnum:

1. Borg á Mýrum, A-Skaft, 26.-27. júlí 1980, ♂ ad (RM 7063), Sigurður Guðjónsson. Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson (1982).
2. Hjalli í Ölfusi, Árni, 20. apríl 1981, ♂ ad, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Þráinsson & Kristinn H. Skarphéðinsson. Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson (1983).

Ólíkt íslenskum smyrlum, sem lifa á smáfuglum, eru kvöldfálkar skordýraætur. Í fóarni fuglsins frá Borg fundust leifar af ógreinanlegum fiðrildum.

Vaðfæla

Vaðfæla er norður-amerískur vaðfugl, sem verpur á túndrum Alaska og Kanada. Þetta er farfugl og eru aðalvetr-

arstöðvarnar í S-Ameríku miðri. Hér á landi hefur þessi tegund fundist einu sinni:

Flatey á Breiðafirði, A-Barð, 17. júní 1985, ♂ ad (RM 8731), Ævar Petersen & Hafþór Hafsteinsson. Þyngd 67 g.

Að sjá var þessi fugl afar líkur litlum stelki. Tilsýndar voru mest áberandi einkenni háir, grænir fætur, þverrákótt bringa og ryðbrúnir blettir aftan við augu. Litlar fæðuleifar voru í fuglinum, en af því sem var greinanlegt fundust þrjár rykmýslirfur (*Chironomus*).

Vaðfæla er sjaldgæfur flækingur í Evrópu. Hafa aðeins sést á annan tug þeirra, langflestir (13) á Bretlandseyjum (Rogers o.fl. 1984). Nær allar vaðfælar í Evrópu hafa sést seinni hluta sumars, eftir miðjan júlí. Fyrsti og eini fugl þessarar tegundar á Íslandi sást um hásumarið. Var fuglinn við fæðuöflun við smátjörn ásamt sandlóum *Charadrius hiaticula*, stelkum *Tringa totanus* og óðinshönum *Phalaropus lobatus*.

3.mynd. Alpasvölungurinn frá Hornafirði, ljósmyndaður í Heppus skóla. — *The Alpine Swift* Apus melba that was recorded in Iceland 1980. Ljós. Jón Atli Árnason.



Alpasvölungur

Næsta tegundin sem fjallað er um, er alpasvölungur. Hann er evrópskur fugl, náskyldur múrsvölungi *Apus apus*, sem er árviss flækingsfugl hér á landi. Múrsvölungur var fyrrum kallaður „múr-svala“ og því jafnan skipað í sama ættflokk og landsvala *Hirundo rustica* og bæjasvala *Delichon urbica*, sem einnig eru hér árlegir gestir (sjá Gunnlaug Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1980, 1982, 1983, Gunnlaug Pétursson & Erling Ólafsson 1984, 1985). Þessir fuglar eru þó fjarskyldari en nöfnin benda til. Svölungar eru svölungaættar (Apodidae) en svölnar af svöluætt (Hirundinidae). Finnur Guðmundsson reyndi að eyða þeim misskilningi sem nöfnin ollu með því að taka upp viðskeytið „svölungur“ í Fuglabók AB en láta hinum eiginlegu svölum eftir viðskeytið „svala“ (Finnur Guðmundsson 1962). Alpasvölungur hefur sést tvisvar hér á landi:

1. Höfn í Hornafirði, A-Skaft, 15. apríl 1980, ♂ ad (RM 7011), Stefán Ólafsson. Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson (1982). Þyngd 69,4 g.
2. Reynivellir í Suðursveit, A-Skaft, 16. júní 1981, Björn Arnarson. Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson (1983). Sást í u.þ.b. 15 mínútur á 20-30 m færi. Flaug sífellt í kringum útihús uns hann hvarf.

Fyrri alpasvölungurinn, er fannst á Íslandi, flaug inn um glugga á Heppuskóla í Hornafirði. Hafði hann sést um morguninn á flögri fyrir utan skólann. Var hann gómaður og teknar ljósmyndir af honum (3. og 4. mynd). Engin fæða var í maga hans.

Gullsóti

Þórarinn Sigvaldason á Hafnarnesi í Hornafirði varð var við einkennilegan fugl heim undir bæ. Sást fuglinn fram í myrkur en daginn eftir fór Þórarinn á vettvang ásamt Birni Arnarsyni, og var



4.mynd. Alpasvölungurinn frá Hornafirði. Myndin tekin í Heppuskóla. – *The Alpine Swift Apus melba captured in Iceland 1980*. Ljós. Jón Atli Árnason.



5. mynd. Gullsóti, fullorðinn karlfugl í sumarbúningi. – *An adult male Yellow-headed Blackbird Xanthocephalus xanthocephalus*. Teikn. Jón Baldur Hlíðberg.

fuglinn þá enn á sama stað. Var tekin kvikmynd af honum og myndin sýnd í fréttatíma Sjónvarps. Var ljóst, að þessi tegund hafði aldrei sést á Íslandi áður:

Hafnarnes í Nesjum, A-Skaft, 23.-24. apríl 1980, 3 ad (RM 8120), Þórarinn Sigvaldason. Þyngd 94,2 g.

Fuglinn, sem var kominn í vetrarbúning (með dökka fjaðraenda á haus og hnakka), var feitur og vel haldinn. Talsverð fæða var í fóarni hans og görnum. Mest var um bjölluleifar, aðallega taðdýfla *Aphodius lapponum* en einnig ranabjöllu af ættkvíslinni *Otiorhynchus*. Nokkuð var af fræjum, einkum hjarta-grasaættar (Caryophyllaceae).

Gullsóti er amerísk tegund af krakaætt (Icteridae). Nafn hans er nýyrði, sem Kristinn H. Skarphéðinsson gaf honum. Íslenska heiti fuglsins gefur til kynna tvö megin einkenni karlfugla af þessari tegund; gullinn haus, háls og bringa en fuglinn að mestu svartur að öðru leyti. Þetta er því mjög sterklitur og fallegur fugl. Meðfylgjandi mynd (5. mynd) er af gullsóta í fullum sumarskrúða.

Krakaættin er mikilvæg ætt innan spörfuglaættbálksins (Passeriformes). Til hennar teljast tæplega 100 tegundir. Fuglar þessir verpa einungis vestan hafs og eru lífshættir þeirra fjölbreytilegir. Margar tegundanna hafa t.d. sama hátt á og evrópski gaukurinn *Cuculus canorus*, verpa eggjum sínum í hreiður annarra fuglategunda og láta þá annast ungauppeldið.

Gullsótinn er afar sjaldgæfur flækingsfugl í Evrópu. Mér er einungis kunnugt um 4 fugla, sem sést hafa úti í náttúrunni, í Danmörku frá því einhvern tímann fyrir 1946 (Löppenthin 1946), Svíþjóð 1958 (Svensson 1978), Englandi 1970 (B.O.U. 1974) og Noregi 1979 (Ree 1980). Það er samdóma álit þeirra sem fjallað hafa um þessar athuganir, að fuglarnir hljóta að hafa sloppið úr búrum

um (sjá t.d. Sharrock 1981). Þessi ályktun er dregin af því, að varpsvæði gullsótans er í vestanverðri Norður-Ameríku (fremur en á austurströndinni) og að þessi tegund er flutt inn sem búrfugl til Evrópu. England (1974) ritaði grein um þær fuglategundir sem menn hafa flutt til Evrópu og haft í búrum. Innflutningur sem þessi getur valdið miklum vandræðum þegar skera þarf úr um, hvort fugl, sem sést úti í náttúrunni, hafi komið til landsins af sjálfsdáðum eða með hjálp manna. England taldi mestar líkur á því, að þeir gullsótar er kynnu að sjást í Bretlandi, væru úr búrum.

Robbins (1980) fjallaði um líkurnar fyrir því, að hinar ýmsu tegundir landfugla hrektust frá N-Ameríku til Evrópu. Hann byggði ályktanir sínar m.a. á algengni tegundanna vestanhafs, hversu tíðar þær væru á austurströnd N-Ameríku og farhátum þeirra. Gullsóti komst ekki einu sinni á listann hjá Robbins svo væntanlega hefur hann talið útilokað, að gullsótar flæktust til Evrópu að eigin frumkvæði.

Gullsóti hefur tvisvar sést á Grænlandi. Báðar athuganirnar eru gamlar, frá 1840 og 1900 (Salomonsen 1967). Þótt báðir þessir fuglar kunna að hafa borist með skipum eða sem búrfuglar, er heldur ekki útilokað, að þeir hafi komið fyrir eigin atbeina, ekki síst ef litið er á það hversu langt er síðan fuglarnir sáust. Er vel hugsanlegt, að gullsótar geti borast til Íslands um Grænland.

Grænskríkja

Grænskríkja er lítill spörfugl af skríkjuætt (Parulidae) frá N-Ameríku og afar sjaldséður flækingsfugl í Evrópu. Mér er ekki kunnugt um nema einn fugl (annan en þann sem fannst á Íslandi). Sá fugl fannst á þýsku eyjunni Helgoland árið 1858 (Vauk 1972). Robbins (1980) taldi litlar líkur á því, að grænskríkjur flæktust til Evrópu án hjálpar frá mannum. Af 38 n-amerískum tegundum sem ekki sáust á Bretlandseyjum á árun-

um 1947-1976 og hann taldi að ættu að geta flækst þangað, var grænskríkja neðrarlega á lista. Hana var þó að finna á listanum, ólíkt gullsóta sem var alls ekki getið.

Upplýsingar um íslensku grænskríkjauna eru þessar:

Reykjavík, 19. september 1984, ♀ imm (RM 8447), Ragnar Guðmundsson.

Meltingarfæri fuglsins voru galtóm, en hann fannst nýdauður við uppskipun úr ms. Bakkafossi í Sundahöfn í Reykjavík. Lá hann inn á milli gáma. Skipið var nýkomið frá Ameríku en hafði verið í höfn í 2 daga, áður en þessir gámar voru hreyfðir. Mestar líkur eru því á, að fuglinn hafi borist með skipinu frá Ameríku, þótt ekki sé heldur útilokað, að fuglinn hafi lent á skipinu einhvers staðar á leiðinni. Fuglinn var svo nýdauður (augu ekki innfallin) að álykta verður öruggt, að hann hafi komist lifandi inn í íslenska lögsögu. Þetta er líklega gleggsta dæmið, sem vitað er um hérlandis, um flækingsfugl sem mun hafa borist hingað með aðstoð skipa. Telja verður þennan fugl með á listanum yfir fuglategundir sem sést hafa á Íslandi, þó í hópi þeirra fugla sem koma hingað með aðstoð skipa. Meðal Breta er sá háttur hafður á, að fuglar sem koma með skipum, sleppa úr búrum eða berast á annan hátt fyrir tilstilli manna, eru hafðir á nokkurs konar aukalista (category D). Á lista þennan er safnað athugunum sem vert er að hafa í huga ef ske kynni, að fuglar af þessum tegundum flæktust til landsins síðar á „náttúrulegri“ hátt (Hudson 1984).

Eins og gullsóti, hefur grænskríkja sést sem flækingsfugl á Grænlandi. Hefur hún sést a.m.k. 3 sinnum, árin 1853, 1933 og 1949 (Salomonsen 1967). Þessi tegund gæti því átt eftir að berast hingað án hjálpar, þótt svo virðist ekki hafa átt sér stað í þetta skiptið.

ÞAKKIR

Öllum þeim sem sent hafa fugla eða lagt til athuganir eru færðar bestu þakkir fyrir. Jón Baldur Hlíðberg teiknaði myndina af gullsótanum sérstaklega fyrir þessa grein, og eru honum færðar kærar þakkir fyrir. Jóni Atla Árnasyni er þakkað lán á myndum af alpasvölungi og Erling Ólafssyni fyrir að taka myndina af váknum. Erling og Gunnlaugur Pétursson lásu yfir handrit greinarinnar og bentu á ýmislegt sem betur mátti fara, en mistök sem sést hefur yfir hljóta eftir sem áður að vera mín.

HEIMILDIR

- Arnbór Garðarsson 1983. Austræn blesgæs í fyrsta sinn á Íslandi. Bliki 1: 46-47.
- Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík.
- Björn Blöndal 1953. Vínafundur. (Rabb um fugla og fleiri dýr). Reykjavík.
- British Ornithologists' Union 1974. Records Committee: Eighth report (March 1974). Ibis 116: 578-579.
- Cade, T.J. 1955. Variation of the Common Rough-legged Hawk in North America. Condor 57: 313-346.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977-1983. The Birds of the Western Palearctic. Vols 1-3. Oxford.
- Cramp, S. (ritstj.) 1985. The Birds of the Western Palearctic. Vol. 4. Oxford.
- England, M.D. 1974. A further review of the problem of 'escapes'. British Birds 67: 177-197.
- Erling Ólafsson 1983. Fjallalævirkir sést á Íslandi. Bliki 1: 40-41.
- Finnur Guðmundsson 1962. Fuglar Íslands og Evrópu. Reykjavík. Íslensk þýðing og staðfærsla á bókinni A Field Guide to the Birds of Britain and Europe eftir R.T. Peterson, G. Mountfort & P.A.D. Hollom 1954.
- Glutz von Blotzheim, U.N., K.M. Bauer & E. Bezzel 1971. Handbuch der Vögel Mitteleuropas. Band 4. Falconiformes. Frankfurt am Main.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1980. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1979. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrituð skýrsla. 35 bls.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrituð skýrsla. 51 bls.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1983. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1981. Bliki 1: 17-39.
- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1984. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1982. Bliki 3: 15-44.

- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1985. Sjaldaðgæfir fuglar á Íslandi 1983. Bliki 4: 13-39.
- Hálfðán Björnsson 1983. Vatnaglcða kemur til Íslands. Bliki 2: 58-59.
- Hudson, R. 1984. BOU Records Committee: how it works. *British Birds* 77: 247-249.
- Löppenthin, B. 1946. Fortegnelse over Danmarks fugle. København.
- Martin, A. 1981. Blikönd (*Polysticta stelleri* (Pallas)) séð í fyrsta sinn á Íslandi. *Náttúrufr.* 51: 189-191.
- Morgunblaðið miðvikud. 10.4.1985.
- Ólafur K. Nielsen 1983. Músákúrf í Sellöndum. Bliki 2: 27.
- Óskar Ingimarsson & Þorsteinn Thorarensen 1984. Fuglar. Undravöröld dýranna 9. Reykjavík. Íslensk þýðing og staðfærsla á bókinni Grande Enciclopedia Illustrata degli Animali.
- Pedersen, K. & E. V. Rasmussen 1978. Invasion af Aftenfalk *Falco vespertinus* i Danmark i efteråret 1975. *Dansk orn. Foren. Tidsskr.* 72: 81-90.
- Ree, V. 1980. Rapport fra NSKF's virksomhet 1979. *Vår Fuglefauna* 3: 245-266.
- Robbins, C.S. 1980. Predictions of future Nearctic landbird vagrants to Europe. *British Birds* 73: 448-457.
- Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1984. Report on rare birds in Great Britain in 1983. *British Birds* 77: 506-562.
- Salomonsen, F. 1967. Fuglene på Grönland. København.
- Sharrock, J.T.R. & E.M. Sharrock 1976. Rare Birds in Britain and Ireland.
- Sharrock, J.T.R. 1981. Changes to the British and Irish list. *British Birds* 74: 345-347.
- Svensson, L. (ritstj.) 1978. Sveriges Fåglar. Stockholm.
- Vauk, G. 1971. Die Vögel Helgolands. Hamburg u. Berlin.
- Vaurie, C. 1965. The Birds of the Palearctic Fauna. Non-Passeriformes. London.
- Waldenström, A., K. Pedersen, E.V. Rasmussen & J.F. Dejonghe 1981. Invasion av aftonfalk *Falco vespertinus* i Skandinavien och Nordeuropa hösten 1979. *Vår Fågelvärld* 40: 297-310.
- Ævar Petersen 1984. Fuglanýjungar: Kynning á samstarfi dýrfræðideildar Náttúrufræðistofnunar og fuglaathuganamanna. *Náttúrufr.* 53: 73-82.

SUMMARY

New bird species for the Icelandic checklist

In the present paper eight new additions are given to the Icelandic bird list, seven species and one subspecies. These are Purple Heron *Ardea*

purpurea, Chilean Flamingo *Phoenicopterus chilensis*, Red-footed Falcon *Falco vespertinus*, Stilt Sandpiper *Micropalama himantopus*, Alpine Swift *Apus melba*, Yellow-headed Blackbird *Xanthocephalus xanthocephalus*, Black-throated Green Warbler *Dendroica virens*, and the North-American subspecies of the Rough-legged Buzzard *Buteo lagopus sanctijohannis*.

The details of these records are given in the Icelandic text in the following standardized form: locality, date, sex (if known), age (if known), catalogue number (if applicable), finder, publication (if applicable), and weight (if known) as well as other details of the record. All the first (and in some cases the only) records refer to specimens which are deposited in the collection of the Icelandic Museum of Natural History. Since first recorded two of the eight taxa have been observed on a further occasion, both accepted sight records.

The flamingo is an undoubted escape, being a S-American species, and therefore not valid for the Icelandic main list. The specimen found in Iceland (where there are no flamingoes in captivity), is without any doubt that which was long resident at Loch Strathbeg, NE-Scotland. That bird spent its time in Whooper Swan *Cygnus cygnus* flocks, which overwinter there and are of Icelandic origin. Having spent 9 consecutive years at Strathbeg that bird disappeared from the area 14 days before an individual of same species turned up in Iceland. Furthermore, that bird was also with Whoopers.

Yellow-headed Blackbirds have, as far I am aware, only been recorded on four previous occasions in Europe (Löppenthin 1946, Svensson 1978, B.O.U. 1974, Ree 1980). There seems to be the general consensus that escapes were involved, but this species is one of many N-American species which are held as cage birds (England 1974). Although the two Greenland records, from 1840 and 1900 (Salomonsen 1967) could also be escapes, the possibility exists that birds of this species reach Iceland on their own accord via Greenland.

The Black-throated Green Warbler was found onboard a ship in Reykjavik harbour. This ship had arrived from N-America, so there is little doubt that this North-American species was ship-assisted. At the same time, the bird undoubtedly reached Icelandic territorial waters (the 200 mile limits) alive, since it was freshly dead (eyes still not sunken) and the containers, amongst which the bird was found, were not moved until 2 days after the ship berthed.

The British have a special category (category D) for ship-assisted birds (and others for which there is doubt that they reached the country on their own accord) (Hudson 1984). The Icelandic Black-throated Green Warbler is best put on such a side-list. Robbins (1980) mentions this species as a possible vagrant to Europe based, among others,

on its abundance on the N-American east coast and its migration pattern. This species has turned up once in Europe (Vauk 1971), and three times in Greenland (Salomonsen 1967).

The N-American Rough-legged Buzzard does not appear to have been recorded from Europe before. This species is highly variable in colour, but only the N-American form is extreme dark-

phased (Cade 1955, Blotzheim 1971) as was the Icelandic specimen (Fig. 1). It does in fact greatly resemble the extreme melanistic specimen shown in Fig. 2 in Cade (1955, p. 317). Measurements of the Icelandic specimen, are given in Tab. I.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

FUGLARANNSÓKNIR Á ÍSLANDI

Árni Einarsson líffræðingur kynnir hér doktorsverkefni sitt við háskólann í Aberdeen í Skotlandi. Það fjallar um það hve mikil áhrif fæða húsanda hefur á dreifingu þeirra. — *Ritnefnd.*

Dreifing húsanda með tilliti til fæðu

Það getur talist nokkuð almenn regla, að fuglar, líkt og flest önnur dýr, dreifi sér í samræmi við fæðuframboð hverju sinni. Fuglar leita þangað sem fæðan er þéttust, og myndu þeir líklega safnast allir saman þar, ef ekki fylgdu því ýmsir ókostir. Í þéttum hópum trufla fuglarnir ætisleit hver annars, og kann svo að fara, að betra sé fyrir þá að halda sig á svæðum, þar sem fæðan er dreifð og lítið er af öðrum fuglum, heldur en að vera á góðu fæðusvæði, þar sem fuglagerið er mest. Þannig virðist dreifing fugla (og annarra dýra) einkum ráðast af tvennu: Í fyrsta lagi því aðdráttarafla sem felst í mikilli fæðu og í öðru lagi kostum þess að halda sig utan mesta þéttbýlisins.

Þær rannsóknir sem hér er sagt frá hafa ofangreinda mynd að baksviði. Þær beinast að því að finna, hvaða áhrif fæðuframboð hefur á dreifingu húsandarinnar *Bucephala islandica* og hvernig árásaratferli kemur þar við sögu.

Rannsóknirnar hafa farið fram við Mývatn og Laxá, en þar eru höfuðstöðvar húsandarinnar hér á landi.

Síðla vetrar og á vorin setjast húsandarpör að á varpsvæðunum og verja þar

skika vatns fyrir öðrum öndum. Um varptímann afla þörin sér nær alls ætis á þessum skikum. Stærð varinna skika, og þar með þéttleiki þara, er mismunandi eftir svæðum. Einnig er misjafnt hvenær húsendurnar setjast að á þessum skikum og byrja að verja þá. Reynt var að leita svara við þeirri tilgátu að svæði með mikilli fæðu væru numin snemma og að þar verði þéttleiki fugla meiri um varptímann en annars staðar. Fyrstu athuganir sýndu, að á vissum svæðum jókst þéttleiki fugla eftir því sem leið á vorið en minnkaði síðan aftur áður en varp hófst. Prófaðar voru nokkrar tilgátur til skýringar á þessu.

Rannsóknir á dreifingu húsanda um varptímann fólust einkum í reglubundinni kortlagningu allra húsandarpara á helstu varpsvæðum. Allmargir fuglanna báru litmerki á fótum og var því unnt að þekkja einstaka fugla og rekja ferðir þeirra innan varpsvæða og milli þeirra.


Húsendurnar afla sér fæðu með því að kafa niður á botn. Ef sýni af lífverum eru tekin á botninum gefur slíkt hugmynd um fæðumagnið. Botnsýni voru tekin úr Mývatni og Laxá samhliða

kortlagningunni og var því unnt að kanna fæðuframboðið. Athuganir á ár-ásaratferli og hver eru nákvæm mörk varinna skika voru gerðar úr feluskýlum sem komið var fyrir á nokkrum stöðum. Húsöndin verpir í holum og er framboð hentugra hreiðurhola misjafnt eftir svæðum. Nauðsynlegt reyndist því að leita uppi sem flestar hreiðurholur til að útiloka þann möguleika, að holurnar réðu dreifingu fuglanna innan athugunarsvæðanna. Einnig var kannað hversu langt varin svæði voru frá tilsvarandi hreiðrum.

Eftir að ungar yfirgefa hreiðrin fyrir hluta júlímánaðar fara kollurnar með þá á ákveðin uppeldissvæði sem einkum eru efst á Laxá. Kollurnar setjast þar að, hver um sig helgar sér svæði á ánni og dvelur þar um hríð með ungana og fá aðkomufuglar heldur óblíðar móttökur. Þrátt fyrir þessar varnaraðgerðir safnast ungar að sumum kollunum en aðrar kollur missa unga frá sér. Stundum sjást kollur með allt að hundrað unga í hóp,

en venjulega fylgir aðeins ein kolla hverjum ungahópi. Lögð var áhersla á að bera dreifingu húsandakolla og unga saman við dreifingu fæðunnar í ánni. Dreifing átunnar í Laxá breytist mjög hratt í júlí og gafst því gott tækifæri til að kanna hvernig dreifing fuglanna breyttist í kjölfar þess. Auk þessa var leitað svara við nokkrum öðrum spurningum t.d.: 1) Hversu margar kollur verpa og koma ungum úr hreiðrum? 2) Verja allar kollur svæði á uppeldisstöðvunum? 3) Af hve stóru svæði koma kollurnar á uppeldisstöðvarnar? 4) Er hægt að spá fyrir um hvaða kollur safna á sig ungum? 5) Hvers konar atferli leiðir til þess að ungar safnast í hópa? Reyna staðbundnar kollur að stela ungum frá öðrum kollum eða reyna aðvífandi kollur að smygla ungum sínum inn á varin svæði? 6) Hversu oft flytja kollurnar sig til á milli staða á uppeldisstöðvunum?

Eins og um vorið byggðust rannsóknirnar við Laxá um ungatímann á reglubundinni kortlagningu allra fugla



Húsendur. Ljós. Árni Einarsson.

og botnsýnatökum. Um þriðjungur til fjórðungur kolla var með litmerki á fótum og var því unnt að rekja ferðir einstakra fugla. Þá voru gerðar beinar atluganir á atferli fuglanna þegar unga-skipti urðu.

Höfuðástæðan fyrir því, að húsöndin varð fyrir valinu sem rannsóknarefni er sú, hve auðveld hún er viðfangs sam-anborið við aðrar fuglategundir. Íslenski húsandarstofninn er mjög lítil og stað-bundinn, endurnar gæfar og auðvelt að ná þeim til merkinga. Þær halda til á opnu vatni og er því unnt að fylgjast með atferli þeirra í smáatriðum. Rannsóknirnar hófust haustið 1980 og

lauk öflun gagna haustið 1983. Úr-vinnslu gagnanna er nærri lokið og rit-gerð um rannsóknirnar verður lögð fram til doktorsprófs við háskólann í Aber-deen í Skotlandi á þessu ári. Umsjónar-menn rannsóknaða eru dr. Ian J. Pat-erson og Arnþór Garðarsson prófessor.

SUMMARY

The author gives a general outline of his doct-oral work in progress. It deals with the effect of food on the distribution of Barrow's Goldeneye *Bucephala islandica* in Iceland.

Árni Einarsson, Líffræðistofnun háskólans, Grens-ásvegi 12, 108 Reykjavík.

FRÁ FUGLAVERNDARFÉLAGI ÍSLANDS

Fræðslufundur Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1984-1985

Haldnir voru tveir fræðslufundir á vegum Fuglaverndarfélagssins síðastliðinn vetur. Þóra Ellen Þórhallsdóttir flutti fyrirlestur um jurtalíf og vistfræði Þjórsárvera, og Sigurlaug Bjarnadóttir, fv. alþingismaður, ræddi um fuglalíf í Vigur í Ísafjarðardjúpi.

Jurtalíf og vistfræði Þjórsárvera (6. desem-ber 1984)

Undanfarin sumur hefur Þóra Ellen Þór-hallsdóttir unnið að rannsóknum á gróður-fari Þjórsárvera. Rannsóknir þessar eru unn-ar á vegum Líffræðistofnunar Háskóla Ís-lands samkvæmt samningi við Landsvirkjun.

Í upphafi erindis síns skýrði Þóra Ellen nokkuð frá fyrirhuguðum virkjunarfram-kvæmdum. Þvínæst gaf hún ítarlegt yfirlit yfir hin ýmsu gróðurlendi sem er að finna í Þjórsárverum og lýsti ríkjandi plöntum. Kom fram að gróðurfar þar er einstakt meðal hálendisvæða á Íslandi. Nær gróðurinn upp í 920 m hæð, en mestur hluti veranna er í 5-600 m hæð. Votlendi er mjög mikið. Verin

eru alsett smátjörnum og starafloóm, en einnig eru þar þurrlendisvæði sem m.a. eru vaxin víði. Fram kom að 170 hálendisplöntur hafa fundist í Þjórsárverum, en það er meira en á sambærilegum hálendisvæðum.

Eins og kunnugt er, eru Þjórsárver túndra með sífrera (þ.e. jarðlög eru frosin allan ársins hring). Kom fram í erindinu, að engin tengsl virðast vera milli sumarhita og út-breiðslu sífrera. Frekar virðist vera samband á milli úrkomu og útbreiðslu sífrera.

Eitt einkenni veranna eru smáhólar, svo-kallaðar rústir, sem eru víða í verunum. Þess-ir hólar hafa ískjarna og myndast vegna þess að rúmmál vatns cykst þegar það frýs. Þessar rústir eru mikilvægir varpstadir heiðagasa, því að þær koma fyrstar undan snjó á vorin. Ekki er fullljóst, hvernig rústamyndun hefst, en í lok erindis síns ræddi Þóra nokkuð þær hugmyndir sem uppi cru.

Fundurinn var haldinn í húsi Verkfræði-og raunvísindadeildar Háskóla Íslands og var sóttur af um 70 manns.



Rústir eru mikilvægir varpstaðir heiðagæsa í Þjórsárverum. Ljósmynd. Erling Ólafsson.

Fuglalíf í Vigur (7. febrúar 1985)

Í erindi sínu fjallaði Sigurlaug Bjarnadóttir frá Vigur vítt og breitt um fuglalíf í eyinni, en það er mjög fjölskrúðugt. Eru það einkum sjófuglar, sem þar verpa.

Sigurlaug er formaður Félags æðarræktarbænda og lýsti hún því yfir í upphafi erindis síns, að hún vonaðist eftir góðri samvinnu við Fuglaverndarfélagið um sameiginleg áhugamál.

Fyrirlesara varð tíðrætt um æðarfuglinn og kom fram að honum hafði fjölgað á undanförunum árum og væri farinn að verpa nær bæjarhúsunum.

Eyjan er um 2 km á lengd, 400 m á breidd og 60 m þar sem hún er hæst. Þrátt fyrir smæð eyjunnar verpir fjöldi fugla þar, m.a. eru 30 teistuhreidur í opnum sumarbústaðargrunni skammt frá bæjarhúsunum.

Sigurlaug fléttaði lýsingum á lífi og starfi Vigurbænda inn í erindi sitt, sem var hið fróðlegasta.

Kjartan Magnússon tók saman

Arnarvarp 1984

Sumarið 1984 heppnaðist varp hjá örnunum mjög vel. Alls fréttist af 34 pörum á óðulum. Hjá 18 þeirra komust upp samtals 25 ungar. Er það með mesta móti. Sextán pör verptu ekki eða varpið misfórst. Hjá a.m.k. þrem af þessum 16 pörum var annar fuglinn ókynþroska, en á nokkrum stöðum virðist sem varpið hafi verið eyðilagt, m.a. misfórst varp á flestum stöðum í Barðastrandarsýslum.

Breiðafjarðarsvæðið er, sem fyrr, traustasta vígi arna á Íslandi, en þeir hafa nú einnig náð öruggri fótfestu sunnan Snæfellsness. Þar voru 6 pör sem komu upp 8 ungum.

Arnarvarp 1985

Sumarið 1985 gekkst Fuglaverndarfélag Íslands fyrir ítarlegri könnun á útbreiðslu og fjölda hafarna á Íslandi. Þótti ástæða til að reyna að fá sem öruggastar upplýsingar um hver væri raunverulegur fjöldi arnarpara á landinu, þrátt fyrir að félagið hafi árlega

safnað upplýsingum um arnarhreiður. Rúmlega 20 ár eru síðan, að ítarleg talning var gerð á arnarpörum, en það var árið 1964. Það ár ferðuðust þeir Agnar Ingólfsson (nú prófessor í vistfræði) og Björn Guðbrands-son, læknir, um allt Breiðafjarðarsvæðið og mikinn hluta Vestfjarða. Þá voru kannaðir allir þekktir arnarvarpstaðir, og niðurstaðan varð sú, að um 19 pör væru á landinu.

Nú, 21 ári síðar, var ákveðið að gera sams konar talningu. Að þessu sinni sá Kristinn H. Skarphéðinsson, líffræðingur, um könnun-ina. Leitað var á mun stærra svæði en 1964, enda voru þá t.d. engir ernir sunnan Snæfellsness. Nú var leitað á svæðinu frá Reykja-vík að Hornströndum. Safnað var upplýsing-um frá staðkunrugum og athugaðir gamlir og nýir arnarvarpstaðir. Svæði, þar sem ernir höfðu sést, voru könnuð sérstaklega og leitað var til manna sem höfðu verið á slóð-um þar sem lítið er um mannaferðir og grun-ur lók á að væru ernir. Ferðast var um landið í tæpar þrjár vikur og annar eins tími fór í að safna og vinna úr upplýsingum. Til að standa straua af kostnaðinum fékkst rausnarlegur styrkur frá Arnarflugi h/f og fjárveiting frá Menntamálaráðuneytinu. Kann félagið báð-um þessum aðilum þakkir fyrir.

Niðurstaða könnunarinnar í ár var sú, að arnarstofninn telur 36 pör, auk ungra fugla. Varpstofninn hefur því nær tvöfaldast síðan 1964. Þessi fjöldi er mjög svipaður því, sem komið hefur fram í þeim gögnum sem Fugla-verndarfélagið hefur safnað. Árið 1985 kom-ust alls 24 ungar upp í 16 hreiðrum, en varpið misheppnaðist hjá 20 pörum. Í nokkrum til-fellum var annar fuglinn ókynþroska og egg-in því ófrjó, nokkur pör verptu ekki en í flestum tilfellum hafði varpið verið eyðilagt. Er þar bæði um það að ræða, að fuglarnir urðu fyrir truflun snemma á varptímanum og eins að varpið var vísvitandi eyðilagt. Tvö héruð, hluti Barðastrandarsýslna og Skarðs-strönd, skera sig nokkuð úr hvað þetta snertir. Á báðum þessum svæðum verpa nokkur arnarpör árlega, en síðari ár hefur það heyr-til til algerra undantekninga að ungi komist upp. Á stað einum á Fellsströnd hafa ernir verpt á hverju ári undanfarin tíu ár, en varpið hefur alltaf verið eyðilagt. Það er sannar-lega áhyggjuefni, að varpi skuli enn vera spilt í jafnmiklum mæli og raun ber vitni.

Það er óeðlilegt, að innan við 45% varp-para komi upp ungum. Ber þá einnig að hafa

í huga, að skilyrði í vor og sumar voru mjög hagstæð. Það sést á því, að tveir ungar kom-ust upp í helmingi þeirra hreiðra, þar sem varp heppnaðist.

Fjöldi arna á Breiðafjarðarsvæðinu virð-ist nú vera orðinn svipaður og hann var áður en ofsóknir hófust gegn þeim fyrir alvöru á síðustu öld. Flestir þekktir arnarvarpstæðir virðast nú vera í notkun og má því telja að svæðið sé fullsetið. Örnun fjölgar tæpast meira þar. Á hinn bóginn er ekki ósennilegt, að ernir fari í auknum mæli að verpa utan hinna hefðbundnu arnarsvæða. Á síð-astliðnum tíu árum hafa ernir nokkuð byrjað að verpa sunnan Snæfellsness. Hins vegar eru engin arnarhreiður í öðrum sýslum, eins og t.d. Strandasýslu, en þar voru nokkur hreiður þegar best lét. Sama gildir um aðra hluta landsins, en ernir verptu áður fyrir um land allt. Þar sjást nú einungis ungir flökku-ernir. Aukning útbreiðslusvæðisins er þó háð því, að nægjanlegur fjöldi unga komist á legg á þeim slóðum, þar sem ernir hafa örugga fótfestu. Á þetta skortir nokkuð, þegar 36 pör koma einungis upp 24 ungum.

Ernir eru mjög viðkvæmir um varptím-ann, og er mikil hætta á því að varpið misfar-ist, ef þeir verða fyrir truflun á þeim tíma. Það er því rík ástæða til að brýna það fyrir mönnum, einkum og sér í lagi minkaveiði- og þangskurðarmönnum, að forðast hreiður-stæði arna. Grunur leikur á, að varp hafi misfarist á nokkrum stöðum vegna truflana af völdum þeirra sem voru í þessum erinda-gjörðum. Vanhöld á örnun voru einnig nokkur, m.a. fannst ungur örn, sem hafði verið skotinn með riffli. Enn er svefnlyfjum dreift til að reyna að fækka svokölluðum vargfuglum. Vill félagið eindregið vara við slíku, en ungum örnun er einkum hætta búin af þeim.

Fuglaverndarfélagið stefnir að því að endurtaka nákvæmar talningar, eins og þá sem gerð var í sumar, á 5-10 ára fresti. Þess á milli verður upplýsingum safnað árlega líkt og gert hefur verið undanfarin ár, en þær aðferðir virðast gefa nokkuð rétta hugmynd um stærð stofnsins.

Kjartan Magnússon

Ráðstefna um villt spendýr og fugla

Á fjórða Náttúruverndarþingi, sem haldið var í apríl 1981, var samþykkt ítarleg ályktun um villt spendýr og fugla. Þar var m.a. lögð áhersla á, að taka bæri „... til rækilegrar meðferðar mál er varða stofna villtra spendýra og fugla, og viðleitni manna til að fækka þeim eða fjölga ...“

Það var í framhaldi af þessari ályktun, að Náttúruverndarráð boðaði til ráðstefnu með yfirskriftinni „VILLT SPENDÝR OG FUGLAR. Árekstrar við hagsmuni mannsins“ þann 7. og 8. október, 1984.

Fyrri dag ráðstefnunnar voru flutt framsgæringind: Agnar Ingólfsson fjallaði almennt um stjórnun á stærð dýrastofna í 30 mínútna erindi, en síðan skiptust menn á skoðunum um samskipti manna og villtra dýra hérlandis. Hver framsögumaður hafði 15 mínútur til umráða, en framsögumenn voru: Jónas Jónsson og Páll Hersteinsson sem fjölluðu um ref og mink, Árni G. Pétursson og Agnar Ingólfsson töluðu um máfa, hrafn og örn, Sveinn Runólfsson og Arnþór Garðarsson töluðu um gæsir og álftrir, Halldór Haraldsson og Skarphéðinn Þórisson töluðu um hreindýr en Erlingur Hauksson og Ævar Petersen töluðu um seli.

Til ráðstefnunnar voru boðaðir sérstaklega þeir aðilar sem hafa hagsmuna að gæta varðandi ofanefnd dýr eða hafa stundað á þeim rannsóknir og athuganir. Þessir fulltrúar skiptu sér í hópa síðari daginn og ræddu stjórnun á stofnstærðum þessara dýrategunda. Ekki voru umræðuhóparnir sérstaklega beðnir um að móta niðurstöður sínar í ályktanir, heldur ræða og leitast við að svara fjórum megin spurningum sem voru:

1. Eru árekstrar manna og viðkomandi dýrategunda ímyndaðir eða raunverulegir?
2. Er æskilegt að stjórna stofnstærð tegundanna?
3. Eru núverandi aðferðir árangursríkar?
4. Hvað er til úrbóta?

Til stendur að gefa framsöguerindi og niðurstöður hópanna út í fjölritað flokki Náttúruverndarráðs. Framkvæmd þess verks hef-

ur því miður dregist úr hófi af ýmsum ástæðum en von til að fljótlega verði hafist handa við það verk. Í lok ráðstefnunnar skiluðu hópar álit og urðu þá allfjórugar umræður, en þessi hluti ráðstefnunnar var, eins og framsöguerindin, öllum opin.

Það er mál manna, að ráðstefnan hafi tekist vel og að náðst hafi það markmið Náttúruverndarráðs, að menn skiptust á ólíkum skoðunum og ræddu málefnalega um þessi mál, sem nær eingöngu hefur verið hrópast á um, stundum heldur óvægilega.

Orð eru til alls fyrst, og vonandi markar ráðstefnan aðeins upphaf umræðu sem síðan leiði af sér að tekið verði skynsamlega á málefnum nefndra „vandamáladyra“.

Sigrún Helgadóttir

DUTCH BIRDING



Quarterly journal
for every keen
birder!

- ☐ Excellent papers on identification, distribution, movements and behaviour of Palearctic birds.
- ☐ Latest news on rare birds in the Netherlands and Belgium.
- ☐ In English or with English summaries.
- ☐ Well produced with numerous high quality photographs.

Ask for a free sample copy from
Peter de Knijff, Dutch Birding Association,
Postbus 473, 2400 AL Alphen aan den
Rijn, Netherlands.

CONTENTS

Editorial	1
Ólafur Karl Nielsen: The Mute Swan in Iceland 1958-77, its introduction and history	2
Jóhann Óli Hilmarsson: The Sandwich Tern <i>Sterna sandvicensis</i> recorded for the first time in Iceland	7
Alan G. Knox & Timothy W. Parmenter: Biometrics of some Icelandic passerines	10
Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson: Rare birds in Iceland in 1983	13
Ævar Petersen: Barnacle Geese <i>Branta leucopsis</i> in Iceland in mid winter 1984	39
Arnþór Garðarsson & Kristinn Haukur Skarphéðinsson: The wintering of Whooper Swans <i>Cygnus cygnus</i> in Iceland	45
Ævar Petersen: New bird species for the Icelandic checklist	57
Ornithological research in Iceland: Territoriality in the Barrow's Goldeneye	67
From the Icelandic Society for the Protection of Birds	69
Miscellaneous notes	72

EFNI

Frá ritnefnd	1
Ólafur Karl Nielsen: Hnúðsvanir á Íslandi	2
Jóhann Óli Hilmarsson: Þaraperna við Reykjavíkurtjörn	7
Alan G. Knox og Timothy W. Parmenter: Stærðarmælingar á nokkrum íslenskum spörfuglum	10
Gunnlaugur Pétursson og Erling Ólafsson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983	13
Ævar Petersen: Helsingjar í vegvillum	39
Arnbór Garðarsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson: Veturseta álfar á Íslandi	45
Ævar Petersen: Nýjungar um flækingsfugla á Ísland	57
Fuglarannsóknir á Íslandi: Dreifing húsanda með tilliti til fæðu	67
Fræðslufundir Fuglaverndarfélags Íslands veturinn 1984-1985	69
Arnarvarp 1984	70
Arnarvarp 1985	70
Ráðstefna um villt spendýr og fugla	72